


**ALLT ATVINNA**

*Stútfullt blað af atvinnuauglýsingum*

• Atvinna

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



**GARÐAR OG INGIBJÖRG**

*Þrjátíu ára bið loksins lokið*

Létu pússa sig saman við hátíðlega athöfn

FÓLK 30

**ALLA SUNNUDAGA**

www.remax.is

RE/MAX Fasteignablað



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. mars 2007 — 69. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Tvöfalt tilefni



Erling Blöndal Bengtsson sellóleikari fagnaði nýlega 75 ára afmæli sínu og leikur á afmælistónleikum Kammermúsíkklúbbsins í kvöld.

TÍMAMÓT 10

### Saknar einskis

Fyrrverandi Kastljós-stjórnandinn Kristján Kristjánsson ræðir um nýja starfið hjá FL Group, „Séð og heyrt“-sjónvarp og heilaga blaðamenn.

VIÐTAL 12

### Ræbbblar í reiðhjólaviðgerðir

Stórhuga pönkarar eru stórhuga á hjólamarkaðnum.

FÓLK 30



### Haukar og Stjarnan meistarar



Karlalið Stjörnunnar og kvennalið Hauka vörðu bikarmeistaratitla sína í gær.

ÍÞRÓTTIR 24

## VEÐRIÐ Í DAG




**H VASSVIÐRI** - Í dag verður hvöss sunnan átt á landinu, hvassast með suðurströndinni og í hviðum við fjöll. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til en úrkomulaust norðaustan til. Hiti 3-8 stig á láglendi.

VEÐUR 4



**STJARNAN BIKARMEISTARI** Mikil stemning var meðal stuðningsmanna Stjörnunnar í gær þegar liðið tryggði sér meistaratitilinn annað sinn í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hópslagsmál brutust út á bikarúrslitaleik í Höllinni:

# Þrír handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Hópslagsmál brutust út meðal áhorfenda á bikarúrslitaleik Stjörnunnar og Fram í Laugardalshöllinni í gær. Gera þurfti hlé á leiknum í nokkrar mínútur á meðan öryggisverðir komu mönnunum út. Á meðal þeirra sem reyndu að ganga á milli voru Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, og Róbert Gíslason mótastjóri.

Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu voru þrír piltar undir tvítugu handteknir. Piltarnir iðruðust gjörða sinna og báðust afsökunar og var þeim sleppt eftir skýrslutöku í gær.

Lögregluþjónar á vakt sáu atvikið í beinni útsendingu sjónvarps í gær. Ákveðið var að senda sex lögreglubíla á staðinn þar sem talið var mögulegt að slagsmálin myndu breiðast út.

- esá/- shá / sjá síðu 24

# Hættuástand skapaðist á flugbrautinni

**Farþegaflugvél hætti skyndilega við lendingu á Reykjavíkurflugvelli á föstudag vegna þess að önnur vél var á sömu braut. Atvikið var ekki bókað þótt það sé dæmi um alvarlegt flugatvik.**

**FLUG** Fokker-flugvél þurfti skyndilega að hætta við að lenda á Reykjavíkurflugvelli um klukkan tíu á föstudagskvöld. Önnur farþegaflugvél var þá fyrir á sömu flugbraut.

Samkvæmt reglugerð um tilkynningarskyldu flugslysa var um alvarlegt flugatvik að ræða, sem tilkynna skal án tafar. Atvikið á föstudagskvöld var hvorki bókað né tilkynnt.

„Við sátum í vélinni og þegar hún var einn til tvo metra frá jörðinni kipptist hún skyndilega hratt upp aftur,“ segir Cornelia Goeggel, Þjóðverji sem var farþegi í vélinni sem átti að lenda.

„Nokkrum mínútum seinna útskýrði flugstjórinn að hann hefði hætt við lendinguna vegna þess að það væri eitthvað á brautinni.“

Leigubílstjóri sem var í bíl sínum við flugvöllinn segist hafa séð flugvélina búa sig undir lendingu en svo hætt skyndilega við. Á hinum enda flugbrautarinnar hafi verið önnur farþegaflugvél. Vélin sem kom til lendingar var á leið frá Egilsstöðum en sú sem var fyrir á brautinni kom frá Kúlúsúk á Grænlandi.

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugstoða, segir atvikið ekki hafa verið bókað. „Vélin var að koma inn til lendingar en fór aftur upp vegna þess að önnur vél var ekki farin af brautinni,“ segir hún.

Spurð hvers vegna atvik sem þetta teljist ekki alvarlegt segir hún að sá sem stýrði fluginu hafi ekki túlkað það sem svo, engin hætta hafi verið talin á ferðum. Því hafi atvikið ekki verið bókað.

Í reglugerð um tilkynningarskyldu flugslysa frá því í janúar 2006 segir orðrétt að „lending eða tilraun til að lenda á lokaðri eða upptekinni flugbraut“ sé dæmi um alvarlegt flugatvik, eða „flugatvik sem verður við aðstæður sem benda til þess að legið hafi við slysi“.



HJÖRDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

Þorkell Ágústsson, forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa, segir að alvarleiki atviks sem þessa fari eftir aðstæðum, en þegar hætt sé við lendingu eigi að tilkynna það sem atvik. Ef vél sé í lendingu, og hafi til þess leyfi, en hætti við vegna þess að önnur vél sé á brautinni þá geti það flokkast sem alvarlegt flugatvik.

„Mér skilst að þetta hafi ekki verið alvarlegt atvik og þess vegna ekki flokkað þannig,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands. Hann gerir engar athugasemdir við vinnubrögðin.

„Vélin frá Kúlúsúk var aðeins of sein að koma sér af brautinni og þess vegna var hinni vélinni sagt að hætta við og fljúga einn hring. Það gerist og er eðlilegt.“ - sþs

Ný skoðanakönnun Fréttablaðsins um fylgi flokka:

# Samfylking dalar enn

**SKOÐANAKÖNNUN** Fylgi Samfylkingar dalar í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og segjast nú 19,2 prósent myndu kjósa flokkinn og fengi hann því tólf þingmenn.

Fylgi Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna eykst frá síðustu könnun um tvö prósentustig. 38,9 prósent segjast nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og fengi flokkurinn 25 þingmenn. 25,7 prósent segjast nú myndu kjósa Vinstri græn og fengi flokkurinn samkvæmt því sautján þingmenn. Aðeins fleiri segjast nú myndu kjósa Framsóknarflokkinn, 9,3 prósent og fengi flokkurinn samkvæmt því sex þingmenn.

Fylgi Frjálslynda flokksins dalar hins vegar aðeins. Nú segjast 5,7 prósent myndu kjósa flokkinn og fengi flokkurinn því þrjá þingmenn.

- ss / sjá síðu 4

**FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA**

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?







BRÚÐKAUPS GJAFABÚÐIN



ORMSSON

SMÁRALIND . Sími 530 2900

Opið í dag frá kl. 13–18




Velkomin á

Tækni og vit 2007

Opið í dag

sunnudaginn 11. mars 12:00-17:00

Verð aðgöngumiða 1.200 kr.

Námsmenn, ellilífeyrisþegar og öryrkjar greiða 900 kr. Frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.

## SPURNING DAGSINS



*Guðríður, er eiginmaðurinn orðinn afbrýðisamur?*

„Nei, ekki enn. En hver veit hvað gerist á næstu bæjarráðsfundum?“

Sú óvenjulega bókun að Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, væri krútt kom fram á bæjarráðsfundi á fimmtudag. Guðríður Arnardóttir úr Samfylkingunni óskaði eftir að krúttleiki Gunnars yrði færður til bókar. Gunnar segir Guðríði einnig vera óttalega krúttlega.

Alþjóðlegi kvennadagurinn í Bangladess var tileinkaður baráttu gegn sýruárásum:

# Karlmenn fordæma ofbeldi gegn konum

**DAKKA, BANGALDESS, AP** Samtök fórnarlamba sýruárásar í Bangladess efndu til baráttufundar í höfuðborginni Dakka á miðvikudag. Tilefnið var alþjóðlegur baráttudagur kvenna sem haldinn var hátíðlegur á fimmtudaginn.

Á fundinum hétu karlmenn á aðra karlmenn að berjast á móti ofbeldi gegn konum en sýruárásir hafa verið algengar þar í landi.

Konur eru í miklum meirihluta fórnarlamba og árásarmennirnir eru í flestum tilvikum karlmenn. Í flestum tilvikum er um að ræða reiða eiginmenn eða biðla sem kasta sýru á andlit og líkama ungra kvenna. Slík voðaverk afmynda oftast einstaklingana, limlesta og valda dauða fjölda fólks hvert ár í fátækrahverfum Bangladess.

Fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins mætti á fundinn, kveikt var á kertum, ræður haldnar, söngvar sungnir og fórnarlömb sögðu sögu sína. Víða sást fólk í stuttermabolum með slagorðum líkt og „Sannir menn kasta ekki sýru“. Árásunum fer fækkandi en þær voru 204 í fyrra miðað við 325 árið 2004. Erfitt er að fá menn dæmda í þessum málum því í 90 prósentum tilfella skortir vitni. Sýruárásir á börn og karlmenn hafa jafnframt aukist síðustu ár vegna fjölskyldu- eða eignardeilna. **- hlh**



**AFMYNDAÐAR AF SÝRU** Tvær þeirra kvenna sem hafa orðið fyrir árás í Bangladess. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skemmtistaðir skoðaðir:

## Fundu fimmtán með fíkniefni

**LÖGREGLUMÁL Fimmtán fíkniefnamál komu upp hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt laugardags. Sérstakt fíkniefnaeftirlit var í gangi um nóttina og var meðal annars farið inn á nokkra skemmtistaði í miðbænum af því tilefni.**

**Að sögn fulltrúa lögreglunnar var í öllum tilvikum um neysluskammta að ræða.**

**Skýrsla var tekin af viðkomandi mönnum og þeim sleppt að því loknu. Áframhald málanna er í höndum rannsóknarlögreglu.** **- sþs**

Fjós í Hrunamannahreppi:

## Eldur kviknaði í flórsköfumótor

**LÖGREGLUFRÉTT** Eldur kom upp í fjósi í Hrunamannahreppi um fimmleytið í gær.

Að sögn fulltrúa lögreglunnar á Selfossi kviknaði í mótor á flórsköfu sem stóð upp við vegg fjóssins, og fylltist það af reyk. Enginn slasaðist í brunanum, hvorki menn né kýr sem voru í fjósinu.

Bóndinn sem tilkynnti um eldinn var búinn að slökkva hann þegar slökkvilið bar að garði. Veggurinn sem skafan stóð upp við skemmdist lítillega en annars var ekki um verulegar skemmdir að ræða. **- sþs**

### VEÐUR

**Arnarfellið að bryggju**

Arnarfell, flutningaskip Samskipa, sem slitnaði frá bryggju í Vestmannaeyjahöfn á föstudag komst að bryggju klukkan átta í gærmorgun. Ellefu springar slitnuðu í miklu sogi í höfninni. Eins mikið brim hefur ekki sést við Eyjarnar áður.

# Jeppamenn þjösnast á uppgræddu landi

**Áratuga uppgræðslustarfi austan við Þorlákshöfn er ógnað af jeppa- og vélhjólamönnum sem fara hamförum innan landgræðslugirðingar. Jarðeigandinn segir sárt að horfa á rof í sandbökkum sem græddir voru upp með melgresi.**

**UMHVERFISMÁL** „Þeir voru þarna í torfærukeppni inni á svæði sem er einfaldlega frábær náttúruperla,“ segir Þorvaldur Sturluson náttúruunnandi sem á sunnudag varð vitni að því hvernig jeppamenn óku utan vega ofan við fjöruna milli Ölfusárbrúar og Þorlákshafnar.

„Ég hef aldrei séð aðra eins fávita. Þetta voru fullorðnir menn sem höguðu sér eins og litlir strákar,“ segir Þorvaldur um aðfarir ökumanna þriggja upphækkaðra jeppa. Þeir hafi spænt upp sandöldur og melgresishóla.

Svæðið er annars vegar í landi Hrauns og hins vegar í landi Þorlákshafnar. Þarna hafa Landgræðslan og landeigendur ræktað upp svartan sandinn með melgresi frá því fyrir miðja síðustu öld.

Landeigandinn Hrafnkell Karlsson á Hrauni segir grátlegt hvernig bæði vélhjólamenn og jeppamenn fari hamförum innan landgræðslugirðingarinnar og spilli áratuga uppgræðslustarfi í sandhólunum. „Þetta er sárt. Það er víða komið rof í sandbakkana og gróðurinn þar á sér varla viðreisnar von,“ segir hann.

Að sögn Hrafnkels hefur ekki dugað að koma til móts við þessa ökumenn með því að útbúa sérstaka ökubraut í nágrenninu. Þótt flestir í þessum stóra hópi umgangist landið af virðingu séu alltaf svartir sauðir sem engan skilning hafi á afleiðingum gjörða sinna. Þetta gildi sérstaklega um vélhjólamenn. Skýrar merkingar eru á svæðinu um að akstur utan vega sé bannaður en ökuþórarnir sinna þeim ekki.

„Aðkoman var hrikaleg. Þeir spóluðu langt upp í bakkana og upp í grasbalana sem er verið að reyna að rækta upp. Það er skömm að þessu,“ segir Þorvaldur, sem tilkynnti lögreglu um spjöllin.

Að sögn Svans Kristinssonar, varðstjóra hjá lögreglunni á Selfossi, fóru lögreglumenn á fólksbíl á vettvang á sunnudag en sáu ekkert nema hjólför í fjörunni. Sennilega hafi þeir ekki komist á bílnum að þeim stað þar sem ummerkin eru mest. **gar@frettabladid.is**




**SKÝR SKILABOÐ** Landníðingar hunsa einfaldlega landeigendur á Hrauni sem banna alla umferð utan vega. MYND/ÞORVALDUR STURLUSON

**NÁTTÚRUSPJÖLL** „Þeir spóluðu langt upp í bakkana og upp í grasbalana sem er verið að reyna að rækta upp,“ segir Þorvaldur Sturluson, sem brá illa við aðkomuna að sandströndinni vestan Ölfusárbrúar á sunnudag. MYND/ÞORVALDUR STURLUSON



**JEPPARNIR ÞRÍR** Þessum jeppum var beitt í náttúruspjöllunum á sunnudag. MYND/ÞORVALDUR STURLUSON



**GÓÐ STEMNING** Útihátíðarbragur fyrir utan Ungdómshúsið í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS AFP.

Mótmælin í Kaupmannahöfn:

## Þrjú þúsund í mótmælagöngu

**DANMÖRK** Þrjú þúsund manns gengu fylktu liði frá Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn að Norðurbrú og kröfðust þess að nýtt ungdómshús yrði reist á þeim slóðum í stað hússins umdeilda sem stóð við Jagtvejen og var rifið í vikunni. Mótmælin voru friðsamleg en lögregla hafði uppi mikinn viðbúnað. Í sms-skeytum sem gengu á milli stuðningsmanna hússins eru mótmælendur hvattir til að brenna Kaupmannahöfn til grunna.

Lögregla í Kaupmannahöfn handtók 37 ungmenni á lóð Ungdómshússins við Jagtvej í Kaupmannahöfn í fyrrinótt þegar allt að 1.000 manns tóku þátt í útihátíð við rústir Ungdómshússins. **- shá**

Nýtt stjórnmálaafl:

## Islandsflokkurinn.is skráð

**STJÓRNMÁL Íslandsflokkurinn er vinnuheiti á þingframboði sem þau Margrét Sverrisdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, og Ómar Ragnarsson, fréttamaður, hafa undirbúið að undanförnu. Framboðið hefur tryggt sér lénið islandsflokkurinn.is.**

**Ef af framboði nýs flokks verður munu málefnaáherslur verða á umhverfis- og velferðarmál. Unnið er að söfnun undirskrifta undir nafninu Íslandsflokkurinn til að tryggja framboð í öllum kjördæmum.** **- shá**

Reykjavík 871 ±2
Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

Leigubílastöðvarnar Hreyfill og BSR kærðar til Samkeppniseftirlitsins:

# Hótuðu útilokun af markaðnum

**SAMGÖNGUR** Nýja leigubílastöðin (NL) hefur lagt inn kæru til Samkeppniseftirlitsins vegna samkeppnislagabrota leigubílastöðvanna Hreyfils og BSR.

Í tilkynningu segir að Hreyfill og BSR hafi misnotað yfirburðaaðstöðu sína á markaðnum, meðal annars með því að hóta þeim leigubílstjórum sem starfa einnig fyrir aðrar stöðvar brottrekstri og útilokun af markaðnum.

Auk NL standa Bifreiðastöð Hafnarfjarðar og Aðalbílar í Reykjanesbæ að kærunni, en NL gekk frá kaupum á þeim stöðvum í vikunni. „Hreyfill og BSR hafa hótað þeim sem vinna fyrir aðrar stöðvar að þeir keyri aldrei leigubíl á Íslandi,“ segir Einar Ágústsson, framkvæmdastjóri NL. „Þeir geta gert þetta vegna þess að þessar tvær stöðvar eru með 90 prósenta markaðshlutdeild.“

Í tilkynningunni segir einnig að útboð Ríkiskaupa á leigubílaviðskiptum íslenska ríkisins hafi verið boðin út þannig að aðeins Hreyfill uppfyllti skilyrðin sem sett voru. Eftir að ljóst var að NL ætlaði að bjóða í útboðið hafi því verið breytt Hreyfli í hag.

„Við viljum bara að samkeppnislög verði virt og að menn fái að vinna í því kerfi sem þeir vilja vinna,“ segir Einar. **- sþs**




**LEIGUBÍLAR** Fjöldatakmörkun er á starfsleyfum leigubílstjóra á Íslandi. Á höfuðborgarsvæðinu mega 560 keyra leigubíl.



Einar Ágústsson




## ...SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

**VELKOMIN!**
**OPIÐ HÚS**
**UM HELGINA**
**KL. 10-16**

**Opið hús laugardag og sunnudag frá 10-16.**
Við bjóðum þér á nýju skrifstofu okkar á Grensásvegi 13, þar sem starfsfólk okkar gefur þér upplýsingar um allt sem varðar fasteignakaup á Spáni. Með okkar hjálp gerirðu drauminn að veruleika.

Við hjá Perla Investments höfum farsællega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

**Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:**
- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Bjóðum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk alhliða fasteignaþjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar

PERLA
INVESTMENTS

Perla Investments | Grensásvegur 13 | 108 Reykjavík | Sími: 545-0300 | Fax: 545-0309 | www.perla.is

## GENGIÐ 09.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,09 | 67,41 |
| Sterlingspund | 129,52 | 130,14 |
| Evra | 88,20 | 88,70 |
| Dönsk króna | 11,839 | 11,909 |
| Norsk króna | 10,869 | 10,933 |
| Sænsk króna | 9,484 | 9,540 |
| Japanskt jen | 0,5706 | 0,5740 |
| SDR | 100,72 | 101,32 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,6374

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðdrættir úr lofti:

# Þyrluæfing nýtt í þaula

**LANDHELGISGÆSLAN** Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, flaug í gær með búnað að endurvarpsstöðinni á Klifinu í Vestmannaeyjum, þaðan sem útsendingum sjónvarps og útvarps fyrir Suðurland er endurvarpað. Ekki er hægt að leggja veg að stöðinni og aðdrættir því aðeins mögulegir loftleiðis.

Þyrlan var við æfingar og tækifærið var notað til að fljúga með nýjan sendi og rafgeyma að stöðinni. Þyrlan fór þrjár ferðir að þessu sinni. Verkefni sem þessi koma upp reglulega. **- shá**



**LOFTFIMLEIKAR** TF-SIF flaug þrjár ferðir á Klifið í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Héraðsdómur Reykjavíkur:

# 18 mánuðir fyrir nauðgun

**DÓMSMÁL** Reykvískur karlmaður hefur verið dæmdur í 18 mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot. Hann hafði samræði við konu gegn vilja hennar. Maðurinn notfærði sér að konan gat ekki spornað við verknaðinum vegna ölvunar og svefndrunga.

Auk fangelsisrefsingarinnar var maðurinn dæmdur til að greiða konunni 800 þúsund krónur í skaðabætur, svo og sakarkostnað.

Þá var hann dæmdur til sviptingar ökuréttar í þrjú ár fyrir að hafa ekið drukkinn. Voru málin tvö dæmd saman. Maðurinn rauf með brotum sínum skilorð. **-jss**



**BUSH OG LULA** Eitthvað var faðmlagið nú vandræðalegt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush hjá Lula í Brasilíu:

# Sömdu um lífrænt eldsneyti

**BRASILÍA, AP** Forsetar Bandaríkjanna og Brasilíu undirrituðu í fyrradag samning um framleiðslu á lífrænu eldsneyti, etanóli eða vínanda.

Þeir George W. Bush Bandaríkjaforseti og Luiz Inacio Lula da Silva Brasilíuforseti vonast til að etanólið geti að hluta til komið í staðinn fyrir olíu og bensín.

Andstaða við Bush er mikil í Brasilíu og víðar í Suður-Ameríku, en Brasilía er fyrsta landið sem Bush heimsótti á vikulangri ferð sinni um álfuna í því skyni að bæta ímynd Bandaríkjanna þar. **- gb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tekin tvisvar fyrir lyfjaakstur

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók fertuga konu tvívegis á tveimur dögum vegna gruns um lyfjaakstur. Hún lenti í umferðaróhappi á Kringlumýrarbraut í fyrradag og var þá undir áhrifum lyfja. Sama kona var stöðvuð í Lönguhlíð á fimmtudag vegna gruns um akstur undir áhrifum lyfja.

# VG með sautján þingmenn

**Samfylkingin missir átta þingmenn og Framsóknarflokkurinn sex, frá síðustu alþingiskosningum, samkvæmt skoðanakönnun sem Fréttablaðið gerði í gær. Vinstri græn bæta við sig tólf þingmönnum og Sjálfstæðisflokkurinn þremur. Frjálslyndir missa einn þingmann. Önnur framboð ná ekki kjöri til Alþingis.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Vinstri græn bæta við sig rúmum tveimur prósentustigum frá síðustu könnun Fréttablaðsins og mælast nú með 25,7 prósenta fylgi. Vikmörk eru 3,9 prósentustig, sem þýðir að með 95 prósent vissu er hægt að segja að fylgi flokksins sé á bilinu 21,9 til 29,6 prósent. Ef flokkurinn fengi það fylgi í kosningum, myndi hann hafa sautján þingmenn og vera næststærsti flokkurinn. Þetta er veruleg aukning frá síðustu kosningum þegar flokkurinn hlaut 8,8 prósent atkvæða og fimm þingmenn kjörna.

Mun fleiri konur en karlar segjast myndu kjósa Vinstri græn; 30,7 prósent kvenna en 21,9 prósent karla og er fylgisaukningin frá síðustu könnun blaðsins einna helst meðal kvenna. Þá er fylgið heldur meira á höfuðborgarsvæðinu en í landsbyggðarkjördæmunum. 24,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku á höfuðborgarsvæðinu segjast myndu kjósa Vinstri græn, en 22,3 prósent á landsbyggðinni.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist sem fyrr stærst i flokkurinn og segjast nú 38,9 prósent myndu kjósa flokkinn og mælast vikmörk 4,3 prósentustig. Er það tæpum tveimur prósentustigum meira en í síðustu könnun blaðsins og fimm prósentustigum meira en í alþingiskosningunum 2003 þegar flokkurinn hlaut 33,7 prósent atkvæða og 22 þingmenn kjörna. Fylgisaukningin kemur næstum öll frá karlmönnum á höfuðborgarsvæðinu. 41,6 prósent karla segjast nú myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn en 35,3 prósent kvenna. Þá segjast 43,0 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu myndu kjósa flokkinn en 32,7 prósent íbúa á landsbyggðinni.

Rétt rúm nítján prósent segjast nú myndu kjósa Samfylkingu og er það 4,8 prósentustigum minna en í síðustu könnun blaðsins. Vikmörk eru 3,5 prósentustig. Flokkurinn myndi samkvæmt því fá tólf þingmenn kjörna, hlaut tuttugu þingmenn í kosningunum 2003 þegar 30,9 prósent greiddu flokknum atkvæði sitt. Sérstaklega missir flokkurinn fylgi kvenna á höfuðborgarsvæðinu milli kannana.

18,6 prósent karla segjast nú myndu kjósa flokkinn og 20,0 prósent kvenna. Enginn munur er eftir búsetu.

Framsóknarflokkurinn bætir aðeins við sig fylgi og segjast nú 9,3 prósent myndu kjósa flokkinn. Vikmörk eru 2,6 prósentustig. Framsóknarflokkurinn myndi samkvæmt því hafa sex þingmenn á þingi. Enginn munur er á afstöðu eftir kyni, en flokkurinn mælist með 4,9 prósenta fylgi á höfuðborgarsvæðinu og 14,9 prósenta fylgi á landsbyggðinni.

17,7 prósent greiddu flokknum atkvæði í síðustu kosningum og hlaut hann tólf þingmenn. Framsóknarflokkurinn myndi því missa helming þingflokks síns.

Fylgi Frjálslynda flokksins dalar lítillega frá síðustu könnun og segjast nú 5,7 prósent myndu kjósa flokkinn. Vikmörk eru 2,0 prósentustig. Samkvæmt því fengi flokkurinn þrjá þingmenn, einum færra en eftir síðustu kosningar þegar 7,4 prósent greiddu flokknum atkvæði sitt. Mikill munur er á afstöðu eftir kyni og segjast 7,9 prósent karla myndu kjósa flokkinn, en 2,8 prósent kvenna. Þá segjast 4,4 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu myndu kjósa flokkinn en 7,7 prósent íbúa á landsbyggðinni. Rúmt prósent sagðist myndu kjósa annan flokk.

Samanlagt fylgi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er nú 48,2 prósent og myndu flokkarnir tveir fá 31 þingmann, sem dugar ekki til að halda meirihluta á Alþingi og ríkisstjórnarsamstarfinu. Næsti maður inn, samkvæmt þessari könnun, væri þó líklega sjálfstæðismaður.

Nokkuð fleiri tóku afstöðu nú en í síðustu könnunum blaðsins. Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 10. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. 61,8 prósent svarenda tóku afstöðu. 29,1 prósent var óákveðið. Aðrir sögðust ekki ætla að kjósa, skila auðu eða neituðu að svara spurningunni. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú?

svanborg@frettabladid.is

**FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA FRÁ ALÞINGISKOSNINGUM 2003**

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins fram til 10. mars 2007








KLUKKAN 15.00
DAUÐINN Á FERÐ
(*The Rider Named Death / Vsadnik po imeni smert*),
(RUS), Karen Shakhnazarov, 2004.

KLUKKAN 17.00
TRÖNURNAR FLJÚGA
(*The Cranes Are Flying / Letyat zhuravli*) ATH. Sýnd með ensku tali
(RUS), Mikheil Kalatozishvili, 1957.

KLUKKAN 19.00
SYNDIR FEÐRANNA
(*Rebel without a cause*)
(USA), Nicholas Ray, 1955.

KLUKKAN 21.15
SOLARIS
(*Solaris*)
ATH. Sýnd með ensku tali
(RUS), Andrei Tarkovsky, 1972.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÆGÐADANS VIÐ LANDIÐ**

Mjög djúp og kröpp lægð en nú suðvestur af landinu, 949 mbör, og þegar slíkar lægðir koma fylgist maður náið með þróuninni. Horfur eru á vindasömum degi, einkum með ströndum sunnan og vestan til en til viðbótar því má búast við allmyndarlegum vindhviðum við fjöll, og það einnig á norðanverðu landinu. Það bjargar málinu að milt er í veðri og því hálkulaust á láglendi.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Allhvöss suðlæg átt. Rigning eða skúrir. Milt.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C alskýjað | London | 14°C hálfskýjað | Alicante | 18°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 8°C hálfskýjað | París | 14°C heiðskírt | Mallorca | 15°C hálfskýjað |
| Osló | 7°C alskýjað | Frankfurt | 12°C hálfskýjað | Algarve | 20°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 7°C alskýjað | Friedrichshafen | 10°C hálfskýjað | Krít | 19°C skúrir |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 11°C léttskýjað | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# skattur.is

# Nokkur **lykilatriði** vegna skattframtals 2007

## Veflyklar



**Veflyklar** hafa verið sendir árlega til nýrra framteljenda og þeirra sem ekki eiga varanlega veflykla frá fyrri árum. Ekki eru þó sendir veflyklar til þeirra sem nýttu sér þjónustu endurskoðenda eða annarra fagmanna til framtalsskila í fyrra.

Ef þú hefur ekki fengið sendan veflykil eða hefur glatað þeim gamla geturðu pantað nýjan á skattur.is og fengið hann sendan í vefbanka eða í pósti.

## Talið fram á skattur.is



Veflykill veitir aðgang að þjónustusíðu á skattur.is þar sem hægt er á einfaldan hátt að fylla út skattframtalið.
Einnig er hægt að fá bráðabirgðaútreikning opinberra gjalda.

**Pappírsframtöl eru aðeins send þeim sem töldu fram á pappír í fyrra.**

## Skilafrestur




**Almennur skilafrestur einstaklinga er til 21. mars.**
Hægt er að sækja um viðbótarfrest á skattur.is, lengst til 30. mars. Aðeins þarf að sækja um fyrir annað hjóna og ekki þarf að sækja sérstaklega um fyrir börn yngri en 16 ára.

## Símaþjónusta 511-2250



**Í mars verður aðstoð veitt frá kl. 8 til 16 alla virka daga í síma 511-2250. Frá 17. mars verður þjónustan í boði til kl. 19 á virkum dögum og á milli kl. 12 og 17 um helgar.**



RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

KJÖRKASSINN



*Á að lækka virðisaukaskatt af lyfjum niður í sjö prósent?*

| | |
|---|---|
| já | 93% |
| nei | 7% |

SPURNING DAGSINS

*Hefur þú farið á skíði í vetur?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Stærstu flokkar mótmælenda og kaþólikka sterkir eftir kosningar á Norður-Írlandi:

# Myndi heimastjórn fyrir 26. mars

**NORÐUR-ÍRLAND, AP** Stjórnmálaflokkar andstæðra fylkinga mótmælenda og kaþólikka á Norður-Írlandi, Lýðræðissinnaðir sambandssinnar (DU) og Sinn Féin, komu sterkastir út úr þingkosningunum sem fram fóru á miðvikudag.

Stjórnvöld á Bretlandi og Írlandi hafa gefið leiðtogum flokkanna frest til 26. mars til að mynda nýja heimastjórn og náist það ekki fyrir þann tíma verði þingið leyst upp. Segja þau DU, sem vann flest þingsæti, ekki hafa neina afsökun fyrir að vilja ekki starfa með Sinn Féin eftir að Írski lýðveldisherinn (IRA) lét af ofbeldi. Ef DU neitar að starfa með Sinn Féin er því hótað að stjórn yfir Norður-Írlandi muni færast í meira mæli til írskra stjórnvalda.

Leiðtogi DU, Ian Paisley, heldur því hins vegar fram að Sinn Féin hylmi enn þá yfir glæpi IRA og annarra hópa sem berjast gegn breskum yfirráðum á Norður-Írlandi.



**IAN PAISLEY** Leiðtogi stærsta flokks mótmælenda á Norður-Írlandi fagnar eftir að úrslit eru kunn. NORDICPHOTOS/AFP

DU fékk 30,1 prósent atkvæða og 36 þingmenn. Sinn Féin fékk 26,2 prósent atkvæða og 28 þingmenn. Alls eru 108 sæti á þinginu.

Í krafti flestra þingsæta getur Paisley gert tilkall til þess að verða oddviti heimastjórnarinnar og aðalsamningamaður Sinn Féin, Martin McGuinness, yrði að öllum líkindum næstráðandi. - sdg

Þróun í farsímamálum:

## Vodafone kynnir sjónvarp í síma

**TÆKNI Vodafone kynnti í gær nýja farsímaþjónustu sem nefnist Sjónvarp í síma. Með henni geta viðskiptavinir fyrirtækisins horft á fréttir Stöðvar 2, Kompás, Ísland í dag og fleiri fréttatengda þætti í farsímanum sínum. Auk þess er hægt að horfa á bresku sjónvarpsstöðina Sky News í beinni útsendingu.**

**Þjónustan er aðeins aðgengileg á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, og þarf sérstaka tegund síma til þess að nýta hana. Mánaðaráskrift að þjónustunni er 1.190 krónur og er hægt að horfa ótakmarkað á sjónvarpið fyrir þá upphæð. - sþs**

FÍB um nagladekkjaumræðu:

## Sumir þurfa nagladekkin

**UMHVERFISMÁL** Fólk sem ekur mikið utan höfuðborgarsvæðis þarf á nagladekkjum að halda, segir Runólfur Ólafsson hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, um tillögur umhverfisráðs gegn svifryksmengun. Hann telur að öryggi ökumanna eigi að hafa forgang.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON**

„Slitlag hér er lakara en þekkist í nágrannalöndunum. Menn ættu líka að beina athygli sinni að því að auka slitstyrk þess. Einnig að höfða til meðvitundar hvers og eins."

Vetrardekk duga oftast innan höfuðborgarinnar, segir Runólfur. „En þetta getur verið öryggismál í dreifðari byggðum." - kóþ

Sviðsstjóri hjá LSH:

## Von á fjárveitingu 1. maí

**HEILBRIGÐISMÁL Von er á auknum fjármunum til Landspítalans 1. maí. Viðræður eiga sér stað milli starfsmanna á starfsmannasviði og samstarfsnefndar stéttarfélaga um endurskoðun á kjarasamningum.**

**Hannes Pétursson, sviðsstjóri hjá LSH, telur að kjör um átján hundruð manna falli undir þessar viðræður.**

**Hannes segir að manneklan, ekki síst á iðjuþjálfunardeild geðdeildar, brenni á yfirstjórninni. Aðalástæðan sé óánægja með launakjör. „Einn ljós punktur er sá að von er á auknum fjármunum 1. maí," segir hann en kveðst því miður ekki geta sagt meira í bili.**

**Önnu Lilju Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra fjárreiðna hjá LSH, hafa ekki borist upplýsingar um auknar fjárveitingar 1. maí.** - ghs

# Ráðuneyti atvinnuvega verði sameinuð

**Forystumenn allra stjórnmálaflokka telja koma til greina að sameina þrjú ráðuneyti atvinnulífsins í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Slíkt er löngu tímabært að þeirra mati. Ráðuneyti mennta- og umhverfismála eiga að fá aukið vægi.**

**STJÓRNMÁL** Sameining ráðuneyta sem helst hafa með atvinnulífið að gera í eitt atvinnuvegaráðuneyti er tímabær aðgerð að mati forystumanna allra stjórnmálaflokka. Einnig verður endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands að endurspegla aukið vægi umhverfis- og menntamála.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að á flokksþingi Sjálfstæðisflokksins 2005 hafi verið ályktað að sameina beri atvinnuvegaráðuneytin í eitt. „Mín skoðun er sú að við eigum alveg tvímælalaust að fara í það að skoða sameiningu ráðuneyta og það liggur beinast við að sameina ráðuneyti sjávarútvegs og landbúnaðar. Ég held að það sé hugmynd sem ætti að vera einföld í framkvæmd." Þorgerður segir að lög um Stjórnarráðið verði að endurspegla aukið vægi mennta- og menningarmála.

Á nýafstöðnu flokksþingi Framsóknarflokksins lagði stjórnarráðsnefnd flokksins fram skýrslu um breytta tilhögun Stjórnarráðsins. Þar eru tíu ráðuneyti og hlutverk þeirra er skilgreint. „Þessar hugmyndir eru allar eftirtektarverðar," segir Jón Sigurðsson, formaður flokksins. „Ég vil þó minna á að ráðherratala þarf svo ekki að vera það sama og ráðuneytatala."



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Helst er talið nauðsynlegt að sameina ráðuneyti sjávarútvegs-, landbúnaðar- og iðnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, furðar sig á því af hverju frumvarp flokksins sem liggur fyrir þinginu hafi ekki fengið umfjöllun á þinginu. „Þetta er búið að vera í vinnslu hjá ríkisstjórninni árum saman en ekkert gengur. Þetta sýnir algjöran hugmyndaskort."

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, vill endurskipuleggja velferðarþjónustuna í tryggingamálaráðuneyti sem hugsanlega félli undir félagsmálaráðuneytið. „Við viljum líka styrkja umhverfisráðuneytið og eitt atvinnumálaráðuneyti má skoða sem eitt matvælaráðuneyti. Ég hef einnig mælt fyrir stofnun þekkingarráðuneytis, sem sameinar menntamál, upplýsingatækni og rannsóknir."

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir vel hægt að færa saman atvinnuvegaráðuneytin. „Ég er svo ekki viss um að tryggingamálin og heilbrigðismálin eigi endilega saman. Eins eru verkefni hjá sjávarútvegsráðuneytinu sem eiga allt eins heima hjá umhverfisráðuneyti." svavar@frettabladid.is

### Hugmyndir um ný ráðuneyti

**1. Viðskipta- og atvinnuvegaráðuneyti (atvinnumálaráðuneyti)**
Áður landbúnaðar-, sjávarútvegs-, viðskipta- og iðnaðarráðuneyti. Málefni ferðaiðnaðar jafnvel færð frá samgönguráðuneyti.
**2. Innanríkisráðuneyti**
Áður samgöngu-, dómsmálaráðuneyti, Hagstofa Íslands og fleira. Sveitarstjórnarmál færð frá félagsmálaráðuneyti. Skipulags- og byggingarmál færð frá umhverfisráðuneyti.
**3. Þekkingarráðuneyti**
Mennta- og menningarmál, vísindi og rannsóknir. LÍN.


AHÚS ALÞJÓÐAHÚS

Ráðstefna í Skriðu, Kennaraháskóla Íslands

**Innflytjendur og framhaldsskólinn**

föstudaginn 16. mars 2007, kl. 13:00-17:00

Skráning fer fram á heimasíðu Alþjóðahússins www.ahus.is
Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis.
Ráðstefnunni verður sjónvarpað beint á vef Kennaraháskóla Íslands, http://sjonvarp.khi.is meðan á ráðstefnunni stendur.

**Dagskrá:**
**12:50-13:05** Kvennakórinn Regnbogakonur syngur, stjórnandi Natalita Chow
**13:05-13:10** Setning ráðstefnu
Fundarstjórar: Helga Ólafs og Irma Matchavariani
**13:10-13:15** Ávarp
**13:15-13:55** Týndu börnin hennar Evu - Æskileg þróun í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál í framhaldsskólum
Dr. Bergþóra Kristjánsdóttir, lektor í CVU, København og Nordsjælland (Center for Videregående Uddannelser)
**13:55-14:10** Málskipti - hvað skiptir máli? Rannsókn á námsframvindu 119 nemenda með annað móðurmál en íslensku í framhaldsskólum
Brynja Solveig Grétarsdóttir
**14:10-14:20** Sjö landa sýn í skólastofunni
Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir, kennari í Fjölbrautaskólanum við Ármúla
**14:20-14:25** Framhaldsskólaganga mín
Victoria Reznikova, 3ja árs nemi í Verzlunarskóla Íslands
**14:25-14:35** Sköpum þeim tækifæri
Amal Tamimi, fræðslufulltrúi Alþjóðahúss og foreldri
**14:35-14:45** Hvernig náum við nýbúum á menntabraut?
Sölvi Sveinsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands
**14:45-15:15** Kaffihlé
**15:15-16:30** Málstofur: Menntun kennara
Félagsleg aðlögun, móttaka og tengsl skólastiga
Brottfall
Ný Aðalnámskrá
**16:30** Samantekt og ráðstefnulok
Ráðstefnan tengist kynningu á námsefni í íslensku sem öðru tungumáli og fjölmenningu á öllum skólastigum sem er haldin í KHÍ sama dag kl. 10.00-17.00.

Í undirbúningshópi fyrir ráðstefnuna voru fulltrúar frá Móðurmáli, menntamálaráðuneytinu, Háskóla Íslands, Heimili og skóla-landssamtökum foreldra, Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Alþjóðahúsi, Fjölmenningarsetri Vestfjarða, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Móðurmáli - Félagi um móðurmálskennslu tvítyngdra barna, Félagi framhaldsskólakennara og Félagi náms- og starfsráðgjafa.


Bæjaryfirvöld og fyrirtæki í Vestmannaeyjum standa að hreinsunarátaki:

# Gömul skip rifin og flutt burt

**UMHVERFISMÁL** Bæjaryfirvöld og fyrirtæki í Vestmannaeyjum standa að hreinsunarátaki þessa dagana. Unnið er að því að fjarlægja brotamálma af Heimaey og nokkur gömul skip eru þar á meðal. Þau hafa legið í niðurníðslu í höfninni í tíu til tólf ár sum hver og lítil prýði verið af.

Skipin eru tekin á land þar sem Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum er að útbúa reit fyrir hráefnis- og olíutanka. Þar stóð áður Sælahúsið, eða Sælaslippur, sem var rifið að hluta skömmu fyrir áramót.

Grafskipið Vestmannaey, sem smíðað var í Danmörku árið 1935 og hefur séð um að dýpka höfnina í Vestmannaeyjum þar til því var lagt fyrir tveimur árum, var tekið upp fyrir nokkru og á mánudag var svo báturinn Frár VE 78 tekinn þar á land einnig. Síðar verður báturinn Æskan VE 222 og tveir prammar, sem nýttir voru undir sand þegar dæluskipið Vestmannaey var að störfum, teknir á land á sama stað til niðurrifs. Fyrirtækið Fura endurvinnsla, annast verkið áður en skip flytur brotajárnið burt til endurvinnslu.



**SKIPIN Í HÖFNINNI** Þetta gamla stálskip er eitt þeirra skipa sem verður rifið. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Frosti Gíslason, framkvæmdastjóri framkvæmda- og skipulagssviðs Vestmannaeyjabæjar, segir að átakið nái til hafnarsvæðisins og almennt á Heimaey allri. „Það eru fyrirtæki víðs vegar í bænum sem nota tækifærið og hreinsa til á sínum lóðum. Við leggjum áherslu á brotamálma núna en annað átak verður svo í vor. Það styttist í að Heimaey skarti sínu fegursta á ný." - shá




Hvort sem þú hyggst fara beint út á vinnumarkaðinn eftir útskrift, halda áfram að mennta þig eða skoða heiminn, aðstoðar Kaupþing þig við að láta draumana verða að veruleika.

Eftirfarandi er meðal þess sem bankinn getur boðið þér upp á þegar þú útskrifast úr háskólanámi eða sambærilegu námi:

- **80% lán til íbúðakaupa – fyrstu 5 árin borgar þú bara vextina***
- **20% Viðbótarlán til íbúðakaupa**
- **Námslokalán – allt að 3 milljónir****
- **Fjármálaráðgjöf**
- **Gullkreditkort**
- **Persónulegur þjónustufulltrúi**
- **Tryggingar**
- **Lífeyrissparnaður**

Námslokatilboð Kaupþings gildir í eitt ár frá útskrift. Kynntu þér nánar á kaupthing.is eða í síma 444 7000.

**Kaupþing vex með þér**

KAUPÞING

*Fyrstu fimm árin eru einungis greiddir vextir af 80% íbúðaláninu, en eftir þann tíma er einnig greitt af höfuðstól.
Gildir einungis fyrir útskriftarnema úr háskóla eða sambærilegu námi. ** Að því gefnu að umsækjandi standist mat bankans.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Besta leiðin til að takast á við mistök er að leiðrétta þau.

## Reglugerðin verði felld úr gildi

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Sum mistök eru þess eðlis að þau verða ekki aftur tekin. Önnur eru blessunarlega þannig að það er auðvelt að leiðrétta þau. Öll gerum við mistök og það eru forréttindi að gera mistök sem einfalt er að leiðrétta. Reglugerð fjármálaráðuneytisins um uppgjör fyrirtækja í erlendum myntum eru mistök og þau á að leiðrétta.

Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka, sagði að reglugerð ráðuneytisins gæti orðið til þess að bankinn flytti úr landi. Vafasamt er að líta á orð Björgólfs Thors sem hótun, enda hótanir fremur óskynsamleg leið til að ná fram breytingum. Hér er fremur um að ræða ábendingu byggða á þeirri staðreynd sem kom fram í röksemdafærslu Björgólfs Thors að fyrirtæki hugsa um sinn hag og hluthafanna og velja sér lögheimili eftir því. Óþarft flækjustig og óvissa um hvort stjórnvöld fylgja skynsamlegri langtímastefnumótun í lögum og reglugerðum eða bregðast við á að því er virðist tilfinningalegum forsendum eru meðal þeirra áhættuþátta sem fjárfestar horfa til þegar þeir taka ákvarðanir um hvar þeir geyma peningana sína.

Reglugerð fjármálaráðherra er dæmi um vanhugsuð viðbrögð til að bregðast við ímyndaðri hættu. Sama gilti um lagasetningu Alþingis til að koma í veg fyrir kaup Kaupþings á SPRON. Þegar upp verður staðið hefur samfélagið í Reykjavík orðið af hátt í tíu milljörðum króna til menningar- og mannúðarstarfsemi í Reykjavík vegna skammsýni stjórnmálamanna.

Nú má færa rök fyrir því að þessi reglugerð hafi takmörkuð áhrif. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar séu fremur leiðbeinandi um verklag fyrirtækja varðandi uppgjörsmynt en reglugerðin. Það er í það minnsta niðurstaða Fjármálaeftirlitsins. Þess þá heldur var vanhugsað að setja slíka reglugerð sem er þá einungis til þess fallin að auka flækjustig og gefa þá mynd af ákvörðunum stjórnvalda að þær séu grunnt hugsaðar og tilviljanakenndar. Það er vart fallið til að auka orðstír okkar í heimi alþjóðaviðskipta.

Nú skal því haldið til haga að í leiðara hér 18. febrúar þar sem varað var við reglugerðinni gætti misskilnings á skilgreiningu þeirrar myntar sem heimilt er að nota sem uppgjörsmynt. Réttur skilningur breytir hins vegar í engu þeirri meginniðurstöðu að hér er farið gegn grunnhugmyndum um að gera Ísland að hagstæðum kosti fyrir fjármálafyrirtæki og laða erlent áhættufé inn í landið. Niðurstaða og röksemdafærsla leiðarans stendur því óhögguð.

Enn hefur ekki komið fram rökrétt skýring á reglugerðinni og því eru hinar órökréttu skýringar nærtækastar. Sú sem hæst fer er að Seðlabankinn hafi beitt raddstyrk til að ná fram þessari reglugerð. Ljótt ef satt væri.

Fjármálaráðherra hefur vísað þessari skýringu á bug og ekki ástæða til að rengja það. Eftir stendur það sem Árni Páll Árnason, lögfræðingur og frambjóðandi Samfylkingarinnar, hefur bent á. Að efnislegur rökstuðningur hefur ekki verið færður fyrir takmarkandi reglugerð á sjálfsákvörðunarrétt fyrirtækja. Slíkur rökstuðningur er lágmarkskrafa, en líklegast er best að fjármálaráðherra nýti sér þau forréttindi að hafa gert afturkallanleg mistök og leiðrétti þau.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Lausafé til sölu fyrir veisluþjónustu og veitingamenn.**

Veisluþjónustan Hraunholt Dalshrauni 15 í Hafnarfirði hefur hætt starfssemi og býður lausafé sitt til sölu.

**Um er að ræða, borðbúnað, eldhústæki, borð og stólar, skrifborð ofl., málverk, ásamt ýmsum öðrum rekstrartengdum hlutum.**

Lausaféð selst í einu lagi eða minni pörtum.

Áhugasamir hafi samband við Júlíus í síma 893-3569.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fáheyrt

Andóf Sighvats Björgvinssonar, sendiherra og framkvæmdastjóra Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, gegn tilurð og kynningu skýrslu utanríkisráðuneytisins um framtíðarsýn í þróunarmálum vakti vitaskuld eftirtekt. Sjaldgæft er að sendiherra mótmæli vinnubrögðum ráðuneytis jafn kröftuglega og Sighvatur gerði og þekkja kunnugir þess ekki dæmi að ráðuneyti hafi áður þurft að senda frá sér yfirlýsingu þar sem orðum sendiherra er vísað á bug. Sjálfur telur Sighvatur viðbrögð sín eðlileg. „Ég er bara að verja mína stofnun og mitt fólk,“ sagði sendiherrann í Fréttablaðinu í gær og bætti við að framkoma ráðherra í málinu gengi ekki.

### En þekkt

Yfirlýsingar Sighvats koma þó ekki endilega á óvart enda var hann ólatur við að tjá skoðanir sínar með mjög svo afgerandi hætti á áratugalöngum stjórnmálaferli. Í þeim efnum er hvað þekktust framganga hans í þingumræðum um Geirfinnsmálið en í þeim var hann óspar á stóru orðin og bar meðal annars þáverandi dómsmálaráðherra, Ólaf Jóhannesson, níðþungum sökum.



### Ekkert minna

Enn er fátt vitað um fyrirhugað þingframboð Margrétar Sverrisdóttur og Ómars Ragnarssonar en í gær kom þó í ljós hvaða vinnuheiti er notað við undirbúninginn. Ekki dugar minna en að kalla framboðið Íslandsflokkinn og hefur annað eins nafn á stjórnmálaflokki ekki sést. Nöfn flokka sem kenna sig við sjálfstæði, framsókn, frjálslyndi, vinstrimennsku og umhverfisvernd eða sameiningu hreinlega blikna við hliðina á flokki sem kennir sig við sjálft landið – sjálfa fósturjörðina.



bjorn@frettabladid.is

# Aðgát skal höfð



ILLUGI GUNNARSSON

Í DAG | Náttúruauðlindir

Það er óþarfi að eyða mörgum orðum í það að aðdragandi frumvarpsins um breytingar á stjórnarskrá vegna auðlinda var ekki eins og hann á að vera. Yfir vofði hótun um stjórnarslit og stjórnarandstaðan hreykti sér af því að hafa lagt fram „snilldarleikfléttu“ í málinu, en sú flétta átti víst að koma Framsóknarflokknum sérlega illa. Allt er þetta með ólíkindum, sérstaklega þegar horft er til þess að misserum saman hefur verið starfandi stjórnarskrárnefnd sem ætlað var að undirbúa og leggja fram tillögur til þess að ræða af einhverri alvöru. Öll þessi affera er þinginu ekki til vegsauka.

Vart er hægt að hugsa sér mikilsverðari og merkari mál en þau sem lúta að grundvallarlögum landsins. Stjórnarskráin er grunnlög þjóðarinnar, engin lög mega ganga í berhögg við hana, þar er að finna grundvallarreglurnar sem veita okkur borgurunum vernd fyrir ægivaldi ríkisins og þar er kveðið á um mikilvægustu réttindi og skyldur sem við berum, réttindi og skyldur sem gera okkur kleift að búa saman í samfélagi. Breytingar á stjórnarskrá þurfa því að vera mjög vel ígrundaðar, ef þangað slæðist inn merkingarlaust tal, vanhugsað eða jafnvel óhugsað, þá er verið að grafa undan stjórnarskránni og öllu sem hún stendur fyrir: réttindum okkar borgaranna og ríkisskipaninni sjálfri.

Umræðan um náttúruauðlindir Íslands og þá sérstaklega auðlindir hafsins hefur staðið lengi yfir og þar takast á algerlega ólík sjónarmið. Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn hafa staðið vörð um eignarréttarkerfi, bæði á auðlindum landsins og hafsins. Enginn vafi lék á því þegar stjórnarsáttmálinn var samþykktur eftir kosningarnar 2003 að skoðun Sjálfstæðisflokksins var sú að ákvæði um auðlindir í stjórnarskránni myndi ekki hrófla við núverandi fyrirkomulagi fiskveiða við Ísland. Það fyrirkomulag byggir á því að ríkisvaldið, fyrir hönd þjóðarinnar, hafi forræði á fiskistofnunum. Það ákveður hvað má veiða mikið, hvernig, hvenær og svo framvegis. Sóknarrétturinn er síðan í höndum einstaklinga, gengur kaupum og sölum og er almennt viðurkennt að um sé að ræða réttindi sem njóti eignarréttarverndar. Þetta fyrirkomulag hefur reynst þjóðinni vel, þó ekki sé hægt að horfa hjá því að kerfið er ekki gallalaust. Hef ég á þessum vettvangi og víðar gert grein fyrir þeirri skoðun minni.

Aðalatriðið er að nýting náttúruauðlinda sem byggð er á séreignarrétti er líklegust til þess að tryggja sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar, bæði í bráð og lengd. Séreignarrétturinn og það hvernig hann myndast er hornsteinn frjálslyndra stjórnmálaskoðana, fyrir okkur sjálfstæðismenn er það grundvallaratriði að ekki sé grafið undan þeim gildum sem séreignarrétturinn hvílir á. Þess vegna er mörgum sjálfstæðismönnum órótt þessa dagana, það er okkur ekki að skapi þegar upphlaup verður um jafn mikilvægt mál eins og þetta. Sjálfstæðisflokkurinn getur aldrei fallist á það að skerða séreignarrétt manna á sóknarrétti eða á öðrum réttindum sem menn hafa áunnið sér vegna nýtingar náttúruauðlinda. Það væru ekki aðeins svik við sjálfstæðisstefnuna, heldur væri með því grafið undan þjóðskipulagi okkar, sem tryggt hefur farsæld, framfarir og auðlegð í mæli sem fáar ef nokkrar aðrar þjóðir hafa borið gæfu til að njóta.

Aðdragandi stjórnarskrárbreytingarinnar var ekki góður. Þess vegna er enn mikilvægara að öll málsmeðferð í þinginu verði afar vönduð. Alþingismenn verða að gefa sér allan þann tíma sem þarf til þess að engin mistök verði gerð í óðagoti, stjórnarskrárbreytingum má ekki hespa af í flýti svo menn komist heim í hérað í kosningabaráttu. Það er því nauðsynlegt að kallað verði eftir mati sérfræðinga á afleiðingum þess ákvæðis sem stendur til að bæta inn í stjórnarskrána.

Kalla þarf fram álit hagfræðinga á mögulegum efnahagslegum afleiðingum og enn mikilvægara er að ekki leiki nokkur lögfræðilegur vafi á því hver merking fyrirhugaðs ákvæðis er. Það er full ástæða til að hlusta á skoðanir lögfræðinga á borð við Sigurð Líndal og Skúla Magnússon í þessu máli. Þeir hafa fært fram þung rök fyrir því að hugtakið þjóðareign sé lögfræðilega merkingarleysa og að það orð hafi staðið í stjórnarsáttmálanum er óverjandi að setja slíkt hugtak inn í stjórnarskrá ef rök eru fyrir því að það eigi ekki heima þar.

Ef einhver vafi leikur á túlkun stjórnarskrárinnar í jafn mikilvægu máli er vonlaust að sjá fyrir endann á þeim deilum og vandamálum sem upp kunna að koma fyrir dómstólum landsins. Ef í stjórnarskrána slæðast hugtök sem ekki hafa skýra merkingu hefur löggjafinn fært mikið vald í hendur dómaranna um það hvernig túlka beri slík hugtök. Að jafnaði er það vont þegar um almenn lög er að ræða, en þegar kemur að stjórnarskránni er slíkt mjög alvarlegt.

# Stjórnarskrá breytt í óðagoti

UMRÆÐAN

Auðlindamálið



BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON

Forystumenn stjórnarflokkanna hafa lagt til að við stjórnarskrána bætist grein, þar sem náttúruauðlindir Íslands eru lýstar þjóðareign. Tillagan er einnig niðurstaða vandaðrar, faglegrar úttektar og umræðu um þýðingu og áhrif stjórnarskrárbreytingar í þessa veru. Hún er afsprengi pólitísks upphlaups, sóknar eftir stundarvinsældum. Það er ekki fullnægjandi grundvöllur stjórnarskrárbreytingar.

Skýringin á óðagotinu getur ekki verið sú að stjórnarskrárákvæði af þessu tagi sé nauðsynlegt fyrir íslenskt samfélag. Í besta falli yrði greinin þýðingarlítil, en meiri hætta er þó á að tvíræð merking hennar leiði til ófarnaðar. Hugtakið þjóðareign hefur fyrst og fremst áróðursgildi. Það er áhrifaríkt, en vekur falsvonir og elur á misskilningi og tortryggni.

Margsinnis hefur verið um það fjallað í fræðilegri umræðu að lagalegur grundvöllur þjóðareignarhugtaksins sé ótraustur. Reyndar má ganga svo langt að fullyrða að þjóðareign sem sérstakt form eignarréttar fái ekki staðist samkvæmt íslenskum lögum. Þjóðin er ekki persóna að lögum, fellur ekki að skilgreiningaratriðum eignarréttar og getur almennt ekki farið með þær heimildir sem felast í eignarrétti.

Þjóðin getur með öðrum orðum ekki átt eignir í sameign. Ríkið getur á hinn bóginn átt eignir. Hugtakið þjóðareign á einmitt uppruna sinn í hugmyndakerfum þar sem útgangspunkturinn var að færa allar eignir til ríkisins og uppræta eignarrétt einstaklinga. Vakir það fyrir þingheimi að taka allar náttúruauðlindir Íslands til ríkisins? Orðalag greinarinnar útilokar ekki slíka túlkun og ekki heldur skýringar í greinargerðinni sem fylgdi.

Verulega yrði dregið úr réttaröryggi á þessu sviði og réttaróvissa aukin að mun þó skemmra væri gengið í túlkun greinarinnar. Óskýrleiki hennar og villandi hugtakanotkun mun, ef eitthvað, auðvelda pólitísk afskipti af nýtingu auðlinda, skattlagningu og íþyngjandi reglusetningu.

Afleiðingar óðagotsins gætu líka vel orðið þær að Íslendingar glötuðu gullnu tækifæri til að skipa sér fremst meðal þjóða á komandi árum, að því er varðar nýsköpun og þekkingu í umgengni við náttúruna.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál.*




# Mótaðu framtíð Íslands

**>> Grunnnám**

*B.Ed. nám í grunnskólakennarafræði*
*B.Ed. nám í leikskólakennarafræði*
*B.Ed. nám í íþróttafræði*
*B.S. nám í íþróttafræði*
*B.A. nám í þroskaþjálfafræði*
*B.A. nám í tómstunda- og félagsmálafræði*
*Kennsluréttindanám*

**>> Framhaldsnám**

*M.Ed. nám í menntunarfræði*
*M.Ed. nám í stjórnunarfræði menntastofnana*
*M.Ed. nám í sérkennslufræði*
*M.Ed. nám í íþrótta- og heilsufræði*
*M.Ed. nám í þroskaþjálfa- og fötlunarfræði*
*M.Ed. nám í tómstunda- og félagsmálafræði*
*M.A. nám í menntunarfræði*
*M.S. nám í íþrótta- og heilsufræði*
*Ph.D. nám í menntunarfræði*
*Kennsluréttindanám*

## Hafðu áhrif á komandi kynslóðir

*Og mótaðu þannig líf og störf, hugmyndir, hugsjónir og skoðanir komandi kynslóða. Með því að sækja um í Kennaraháskólanum gætir þú tilheyrt þeim hópi sem mótar einstaklinginn hvað mest. Það eru forréttindi að fá að laða það besta fram í fólki og nauðsynlegt að til þess veljist hæfileikaríkir einstaklingar.*

**Umsóknarfrestur um grunnnám er til 18. maí**
**Umsóknarfrestur um framhaldsnám er til 30. mars**

**>>Kennaraháskóli Íslands**
**sími 563 3800 > www.khi.is**

PIPAR • SÍA • 60835



**FJÖLMIÐLAMÓGÚLLINN RUPERT MURDOCH ER 76 ÁRA Í DAG**

*„Orðspor okkar er mikilvægara en síðustu hundrað milljónir dollara.“*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. MARS 1977

## Polanski ákærður fyrir nauðgun

Á þessum degi fyrir þrjátíu árum var franski leikstjórinn Roman Polanski ákærður fyrir að hafa nauðgað þrettán ára stúlku á heimili leikarans Jack Nicholson í Hollywood.

Nauðgunin átti sér stað eftir myndatöku sem fór fram á heimili Nicholsons. Eftir að móðir stúlkunnar hafði samband við lögregluna var Polanski handtekinn á hótelherbergi í Beverly Hills.

Eftir að leitað hafði verið á heimili Nicholsons var kærasta hans, Angelica Huston, einnig handtekin fyrir að hafa haft í fórum sínum lítið magn af kókaíni.

Polanski játaði í ágúst sama ár að hafa nauðgað stúlkunni. Eftir að hafa gengist undir sálfræðirannsóknir í fangelsi í 42 daga var honum sleppt gegn tryggingu. Í stað þess að bíða eftir fangelsisdómi ákvað hann að flýja til Frakklands í febrúar árið 1978 og hefur hann ekki snúið aftur til Bandaríkjanna síðan þá af ótta við að vera handtekinn. Þá hefur hann ekki viljað leikstýra myndum í Bretlandi af ótta við að vera framseldur til Bandaríkjanna.

Polanski var áður kvæntur leikkonunni Sharon Tate, sem var ein sjö manneskna sem Charles Manson-gengið myrti árið 1969.

Polanski fæddist í París en ólst upp í Póllandi. Frægustu myndir hans eru hrollvekjan Rosemary's Baby með Miu Farrow í aðahlutverki og The Pianist. Fékk hann Óskarsverðlaunin fyrir síðarnefndu myndina en gat ekki tekið á móti styttunni.



**ROMAN POLANSKI** Polanski á leið til réttarsalar árið 1977 vegna nauðgunarmálsins fræga.

### MERKISATBURÐIR

**1941** Þýskur kafbátur gerir árás á línuveiðarann Fróða, djúpt suður af Vestmannaeyjum. Fimm manns farast.

**1955** Sir Alexander Fleming, sem var fyrstur til að uppgötva pensilín, deyr úr hjartaáfalli, 73 ára gamall.

**1985** Mikhail Gorbatsjev tekur við sem forseti Sovétríkjanna eftir lát Konstantin Tsjernenko.

**1997** Bítillinn fyrrverandi Paul McCartney er aðlaður af Elísabetu Englandsdrottningu.

**2001** Jón Arnar Magnússon hlýtur silfurverðlaun í sjöþraut á heimsmeistaramótinu innanhúss í Lissabon með 6.233 stig. Hann hafði aldrei náð jafn langt á stórmóti.

---



†

*Mín elskulega móðir, tengdamóðir og amma,*

**Birna Björnsdóttir**
frá Neskaupstað, áður til heimilis að Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

lést á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum 28. febrúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til allra sem sýnt hafa okkur samúð. Hugheilar þakkir til starfsfólks á 3. hæð Vífilsstaða fyrir einstaklega góða umönnun.

**Inga Elísabet Tómasdóttir Eiríkur Arnþórsson**
**Kolbrún Ármannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Auðbjargar G. Steinbach**
Safamýri 44.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítala í Fossvogi.

**Ragnhildur Steinbach Einar Baldvin Stefánsson**
**Auðbjörg Steinbach Kristján Loftsson**
**Guðmundur Steinbach**
**Baldvin Einarsson**
**Loftur Kristjánsson**
**María Kristjánsdóttir.**

---



†

*Ástkær faðir okkar tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sæmundur Kristjánsson**
frá Melstað í Grindavík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 6. mars.

**Elís Jón Sæmundsson Sólveig Árnadóttir**
**Kristín Sæmundsdóttir**
**Agnes Sæmundsdóttir**
**Jón Eyjólfur Sæmundsson Unnur G. Haraldsdóttir**
**Ólafur Guðjón Sæmundsson Hjördís Óskarsdóttir**
**Helgi Vilberg Sæmundsson Guðrún Atladótir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Eyjólfs Agnarssonar**
Dvergholti 25, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks St. Jósefsspítala fyrir góða ummönnun og hlýju.

**Sigríður Traustadóttir**
**Bryndís Eyjólfsdóttir Agnar Steinn Gunnarsson**
**Höskuldur Eyjólfsson Katrín María Benediktsdóttir**
**Dagbjört, Gunnar og Sóley.**

---

### LAY LOW FÓR Á BÓKAMARKAÐ

Tónlistarkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, Lay Low, fékk 5.000 krónur til að eyða á bókamarkaðnum í Perlunni, sem lýkur í dag. Hún keypti meðal annars þessar bækur:

**Dagbók fyrir árið 2007.** Ég er frekar óskipulögð og er að reyna að ráða bót á því og fannst þess vegna tilvalið að fá mér dagbók.

**Ballaðan um Bubba Morthens eftir Jón Atla Jónasson.** Ég fíla Bubba og mér hefur verið sagt að þetta sé góð bók. Ég hlakka að minnsta kosti til að lesa hana.

**Viskí.** Þetta er fræðibók um viskí. Ég segi ekki að ég svolgri það í miklu magni en það er ágætt að kunna skil á lífsins vatni.

**Bókin um Marilyn eftir Mike Evans.** Ég er ekki sérstakur aðdáandi Marilyn en hún var forvitnilegur karakter. Það spillti ekki fyrir að bókin var hræódýr.



### ÞORBJÖRG FÓR Á BÓKAMARKAÐ

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi fékk 5.000 krónur til að eyða á bókamarkaðnum í Perlunni. Hún keypti meðal annars þessar bækur:

**Að elska að lifa eftir Hans Kristján Árnason.** Hans Kristján skráir niður endurminningar Gunnars Dal, sem mér hefur alltaf þótt heillandi karakter.

**Lukku Láki eftir René Goscinny.** Keypti þessa fyrir strákana mína.

**Stuart litli eftir E.B. White.** Börnin fengu dálítið að ráða förinni og fengu líka þessa bók.

**Harry Potter og viskusteininn eftir J.K Rowling.** Harry Potter nýtur mikilla vinsælda á mínu heimili og okkur vantaði einmitt fyrstu bókina í safnið.

**Draumar á jörðu eftir Einar Má Guðmundsson.** Englar alheimsins er eina bókin sem ég hef lesið eftir Einar Má og mér fannst tilvalið að kynna mér hann betur.



---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Arnfríður Kristbjörg Benediktsdóttir**
Fífuseli 12, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju mánudaginn 12. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð hjúkrunarþjónustu Karítas.

**Svanur Tryggvason Jóhanna Sigurrós Árnadóttir**
**Jón Tryggvason Guðbjörg Jóhannesdóttir**
**Anna Guðríður Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

**Alhliða útfararþjónusta**
**Símar: 567 9110 & 893 8638**
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


---



**LEIKA HJÁ KAMMERMÚSÍKKLÚBBNUM** Erling Blöndal Bengtsson sellóleikari heldur sína fimmtándu tónleika hjá klúbbnum í kvöld og leikur ásamt Ninu Kavtaradze og Einari Jóhannessyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TVÖFALT TILEFNI: AFMÆLISTÓNAR

## Séní af ísfirskum ættum

Sellóleikarinn Erling Blöndal Bengtsson lýkur afmælisferð sinni um Ísland með tónleikum hjá Kammermúsíkklúbbnum í kvöld. Erling fagnaði 75 ára afmæli sínu síðastliðinn fimmtudag og hélt þá tónleika á Ísafirði en í vikunni lék hann einnig fyrir Norðlendinga ásamt píanóleikaranum Ninu Kavtaradze og Einari Jóhannessyni klarinettuleikara.

Erling er Ísfirðingur í móðurætt en fæddur í Kaupmannahöfn. Hann var aðeins fjögurra ára gamall þegar hann kom fyrst fram á tónleikum en frægðarsól hans hefur skinið skært æ síðan. Hann hefur leikið með stærstu hljómsveitum heims, gefið út meira en sextíu hljómplötur og mörg þekktari samtímatónskáld hafa samið fyrir hann einleiksverk og konserta.

Erling hefur ávallt haldið góðu sambandi við Ísland og haldið hér fjölda tónleika. Hann lék fyrst í Gamla bíói vorið 1946 en hann leikur nú fyrir félaga Kammermúsíkklúbbsins í fimmtánda sinn en tónleikarnir eru jafnframt lokahnykkur afmælisdagskrár klúbbsins sem nú hefur starfað í 50 ár.

Erling Blöndal Bengtsson og Nina Kavtaradze, tengdadóttir hans, hafa leikið saman sem „dúó“ síðan 1986 en þetta er í fyrsta sinn sem Einar leikur með þessum dáða snillingi. „Þetta er aldeildis hátíð í mínu lífi að fá loksins að spila með þessum ótrúlega tónlistarmanni,“ segir Einar en þeir hafa þó unnið saman á tónlistarvettvanginum því Einar stjórnaði á sínum tíma upptökum á sellókonsert Jóns Nordal. „Erling er einn af þessum toppum í klassíska heiminum og ómetanlegt fyrir okkur að eiga svona mikið í þessum manni,“ segir Einar um áhrif Erlings á íslenskt tónlistarlíf.

Á efnisskrá kvöldsins er glæsileg sellósónata eftir Beethoven, klarinettutríó eftir Johannes Brahms og sellósónata eftir Sjostakovitsj sem af mörgum er álitið eitt magnaðasta sellóverk tónbókmenntanna. Tónleikarnir fara fram í Bústaðakirkju og hefjast kl. 20.

kristrun@frettabladid.is

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þuríður Ingibjörg Stefánsdóttir**
áður til heimilis í Skipasundi 52,

sem andaðist á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 28. febrúar verður jarðsungin frá Áskirkju mánudaginn 12. mars kl. 15.00.

**Þorgerður S. Guðmundsdóttir Jón F. Steindórsson**
**Guðrún Guðmundsdóttir Ásmundur Stefánsson**
**Guðmundur Ingi Georgsson Kristbjörg Steingrímsdóttir**
**Hrafnhildur Hanna Þorgerðardóttir Jóhann Einarsson**
**Steindór Jónsson**
**Gyða Ásmundsdóttir Matthías Ásgeirsson**
**Stefán Ásmundsson Margrét Stefánsdóttir**
**barnabarnabörn.**


DYNAMO REYKJAVIK
Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

# Saknar einskis



**Kristján Kristjánsson** er Norðlendingur að uppruna og líklega þekktastur fyrir framgöngu sína í fréttaþættinum Kastljósi. Nú starfar hann hjá FL Group sem forstöðumaður upplýsingasviðs og sér meðal annars um að koma fyrirtækinu á framfæri og stuðla að jákvæðri ímynd þess. *Karen Kjartansdóttir* ræddi við hann um muninn á störfunum og fjölmiðlalandslag Íslands.

Kristján hefur víða komið við á ævinni: Hann nam bókmenntir við Háskóla Íslands, fór svo utan til náms í Þýskalandi og Englandi. Starf hans hjá FL Group er starf sem mörgum hefur þótt ganga þvert á starf fréttamanna en þeirra hlutverk hefur löngum þótt snúast um að leita sannleikans sama hversu ljótur hann er. Kristján segir muninn á störfunum ekki mikinn og saknar einskis.

*Nú eru ýmis ný teikn á lofti í íslenskum stjórnmálum auk þess sem þinn fyrri vinnustaður, Kastljós, hefur tekið miklum breytingum, þykir þér ekkert erfitt að standa utan við þetta allt saman?*

„Það plagar mig síður en svo að standa utan við kosningaumfjöllunina. Ég hef fengið minn skammt af viðtölum við stjórnmálamenn í gegnum tíðina. Þannig að það er ekki vandamál. Alls ekki.“

Kristján vill ekki gefa fyrrverandi samstarfsmönnum sínum neina einkunn en segist samt aldrei hafa verið aðdáandi svokallaðs „séð og heyrt-hluta“ af þáttum eins og Kastljósi, eins og allir kollegar hans viti. „Ég reyndi oft að predika það að allt er skemmtilegt sem vel er gert en fólk í sjónvarpi hefur einhverra hluta vegna stöðugar áhyggjur af því að það sé ekki nógu skemmtilegt og ekkert virðist vera eins skelfilegt í augum þeirra og það. Mér þykir þessi ótti oft þróast út í það að ef ekki er flissað á þriggja mínútna fresti hljóti umfjöllunin að vera leiðinleg. Þetta er misskilningur að mínu viti. Sú umfjöllun sem fólk man eftir er sú umfjöllun sem er vel unnin, tekur á alvarlegum efnum og leyfir sér að vera alvarleg og dvelja við efnið. Ég hef einfaldlega þá kenningu að það sem vel er gert sé áhugavert og þar með skemmtilegt.

Þegar menn verða of hræddir við að verða leiðinlegir, verður endirinn eitthvert flissprógramm og þá verður umfjöllunin einstaklega leiðinleg og sérstaklega innihaldslaus. Það er þá sem áhorfendurnir fá kjánahroll, standa upp og slökkva. En ég er ekkert að segja að þetta eigi við Kastljósið, frekar en aðra þætti, þetta er bara tilhneiging sem er mjög sterk í sjónvarpi. Almennt finnst mér mínir fyrrverandi samstarfsmenn og vinir standa sig vel í erli dagsins, það er enginn leikur að halda svona þætti gangandi frá degi til dags þannig að öllum líki.“

*Stundum hefur því verið haldið fram að starf upplýsingafulltrúa felist í að slá ryki í augu blaðamanna og almennings. Hvernig er að fara úr fréttamennsku yfir í starf upplýsingafulltrúa?*

„Staðreyndin er nú sú að blaðamenn eru langt því frá eins heilagir og þeir vilja að annað fólk haldi. Blaðamenn eru bara í vinnu hjá einhverjum eins og allir aðrir og eru ekkert minna eða meira háðir eigendum sínum en annað fólk. Hver maður hefur sitt starf. Starf mitt getur verið að tala fyrir hönd einhvers fyrirtækis og í því felst ekki lægri siðferðisþröskuldur en þegar skrifaðar eru fréttir eða tekin viðtöl, síður en svo. Siðferði manna fer eftir upplagi þeirra. Ef maður er óheiðarlegur verður maður ekki sjálfkrafa siðlegur og heiðarlegur við að skella starfstitlinum blaðamaður aftan við nafnið sitt í símaskránni. Það er alger misskilningur. Ég sé ekki að þetta geti farið eftir nokkru öðru heldur en því hvernig maður sjálfur er gerður.“

*Kristján er kvæntur Kristínu S. Hjálmtýsdóttur, framkvæmdastjóra alþjóðasviðs Viðskiptaráðs Íslands, og þau eiga saman fjögur börn. Hvernig skyldi ganga að samhæfa líf svona stórrar fjölskyldu og starf þar sem maður virðist sífellt þurfa að vera á vaktinni?*

## MILLILIÐALAUST

### FRÉTTAVIÐTAL Á SUNNUDEGI

„Vissulega er þetta krefjandi en það er nú ekki þannig að Hannes [Smárason] hringi í mig um miðjar nætur og reki mig á lappir en auðvitað verður maður að standa klár á sínu hvort sem það er í starfi eða fjölskyldulífi.

Auðvitað getur verið erfitt að finna tíma til að sinna fjölskyldunni jafn vel og maður vildi en hitt er svo annað mál að ég kem nú ekki úr fjölskylduvænsta starfi sem fyrir finnst. Í fréttamennskunni var ég alltaf að vinna til klukkan níu á kvöldin, nú er ég oftast heima á kvöldmatartímanum en á móti oft að vinna heima á kvöldin, um helgar, ég er í útlöndum eða vinna um nætur þegar verið er að loka samningum. En þetta er svo sannarlega ekki verra starf en það sem ég var í hvað þetta varðar. Svo er líka spurning hvort hægt sé að finna starf sem er fjölskylduvænt. Ég er ekki viss um að það sé til. Störf eru í eðli sínu þannig að þau taka tíma. Sum gera miklar kröfur, eins og það sem ég sinni.“

Og Kristján heldur áfram: „Allir foreldrar eru með samviskubit af því það er alltaf verið að segja þeim að eyða meiri tíma með börnunum. Ég hef reynt eins og svo margir að koma að félagslífi barna minna eins og ég get. Þau elstu eru í tónlistarskóla, þrjú þeirra spila eða hafa spilað fótbolta með Þrótti og öll eru á skíðum, sá yngsti, sem er tæplega þriggja ára, er ekki með enn sem komið er. Ég hef reynt að elta þau í þetta eins og maður þarf að gera. Ég er ekki sá duglegasti í heimi en hef norpað á hliðarlínunni eða staðið við brautir á skíðamótum í ansi margar klukkustundir undanfarin ár og setið marga fundi í foreldraráðum og stjórnum.

Það er tímafrekt að eiga börn þannig að maður má hafa sig allan við til að halda utan um þetta. Það kemur starfi mínu samt ekki endilega við, það er einfaldlega þannig að það er ekki mikið samræmi í þeim kröfum sem gerðar eru til foreldra og þeim tíma sem þeir fá til að uppfylla kröfurnar. Það þýðir lítið að blaðra bara um gildi fjölskyldunnar, staðreyndin er sú að helsti samkomustaður langflestra fjölskyldna í dag er bíllinn en ekki þetta friðhelga heimili sem alltaf er verið að nefna í einhverjum dýrðarljóma. Ef fólk er ekki á þeytingi sjálft, þá er það að þeytast með börnin milli staða. Ég held að rétt væri að skólar og frístundastarf og vinnutími væri samræmt og innan skikkanlegs tímaramma, það væri fyrsta skrefið í átt að fjölskylduvænni stefnu af hálfu ríkisstjórna, sveitarfélaga og annarra sem koma að þessum málum.“

*Hvers vegna tókstu ákvörðun um að skipta um starf?*

„Ég var búinn að vinna í tæplega tíu ár hjá Ríkisútvarpinu og það er nú einu sinni þannig að þegar maður er sýnilegur í starfi þá er maður stöðugt að fá atvinnutilboð, stundum mörg á ári. Ég hafði aldrei sýnt þeim sérstakan áhuga þótt mörg hafi eflaust verið spennandi. Þegar FL Group hafði samband hugsaði ég með mér að ég myndi ekki fá tilboð sem væri meira spennandi. Fyrirtækið er ungt, stórt en samt fámennt, dýnamískt og getur farið hvert sem er og veit hvað það vill, ólíkt Ríkisútvarpinu.

Auk þess spilaði það stóra rullu að mér þótti ágætt að fara áður en allir yrðu hundleiðir á mér.“

*Hvað finnst þér um svokallaða „ohf.-væðingu“ Ríkisútvarpsins?*

„Mér finnst það hárrétt ákvörðun og löngu tímabær. Að sama skapi finnst mér algerlega fráleitur málflutningur frá til dæmis Vinstri grænum sem tala um að færa þjóðinni Ríkisútvarpið aftur. Ríkisútvarpið er alveg jafn mikið í eigu almennings nú og það var. Ekki vilja menn halda í það lamaða stjórnkerfi sem útvarpsráð undirmálsfólks úr stjórnmálaflokkum var. Ég trúi því ekki.

Breytingar eru Ríkisútvarpinu algerlega nauðsynlegar. Þetta var staðnað apparat án framtíðarsýnar. Það vantaði stefnu og kraft og því finnst mér mjög gott að rekstrarforminu hafi verið breytt. það er nauðsynlegt að stokka upp í þessu og að menn geri sér sæmilega ljóst hvað þeir vilja að Ríkisútvarpið geri og til hvers það er. Það hefur ekki verið á hreinu sem er alveg fullkomlega fáránlegt. Það getur hver sem er sagt fréttir og gert skemmtiþætti eða endurvarpað erlendu efni og því ekki hægt að réttlæta tilveru Ríkisútvarpsins með því. Ríkisútvarpið á sér bara eina réttlætingu, það þarf að geta sýnt innlendan vinkil á veruleikann í dagskrárgerð betur en nokkur annar. Ef það gerir það ekki, þá er tilgangslaust að reka það.“

*Þú sagðir í upphafi að þú saknaðir þess ekki að vera í eldlínunni fyrir þessar kosningar. Sérðu ekki fyrir þér að snúa aftur í hlutverk spyrilsins á skjánum?*

„Nei, ekki sem stendur í það minnsta. Þetta var vissulega stórskemmtilegt starf, þroskandi og fjölbreytt og ég hef alltaf unnið með einstaklega skemmtilegu og góðu samstarfsfólki. En það hefur allt sinn tíma og breytingar eru nauðsynlegar til að halda heilanum í lagi. En auðvitað á maður aldrei að segja aldrei, ég vann á blaði og ætlaði aldrei að verða útvarpsmaður, svo varð ég útvarpsmaður og ætlaði aldrei í sjónvarpið en svo var ég allt í einu orðinn sjónvarpsmaður. Aldrei óraði mig fyrir því að ég ætti eftir að vinna hjá alþjóðlegu fjárfestingafélagi. Þannig að þú sérð að þetta er ekki mjög skipulagt líf, markmiðin eru þokukennd en til allrar hamingju hefur þetta lukkast þokkalega fram að þessu þrátt fyrir það.“

*Hvað gerirðu þegar þú ert ekki í vinnunni eða að sinna fjölskyldunni?*

„Hangi á barnum. Nei, ekki alveg. Ég stend í stríði þessa dagana, hættur að reykja eftir tuttugu og eitthvað ár, svo er ég að skipuleggja ferð til Írans um páskana og í árslok ætla ég að vinna afrek sem ég er að undirbúa mig fyrir.“

*Hvað er það?*

„Segi það ekki, talaðu við mig í desember og þá skal ég segja þér hvort það tókst.“

> ”
> Þegar menn verða of hræddir við að verða leiðinlegir, verður endirinn eitthvert flissprógramm og þá verður umfjöllunin einstaklega leiðinleg og sérstaklega innihaldslaus. Það er þá sem áhorfendurnir fá kjánahroll, standa upp og slökkva.
















# Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Og svo eru Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt steinsnar frá.

**Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:**

- Leikhús, skemmtileg söfn, tónleikar, fjöldi gallería – og kaflar úr menningar- og listasögu landsins í hverju skrefi.
- Skíðaparadís (með heimatilbúnum snjó ef þarf), 2 sundlaugar, 3 líkamsræktarstöðvar, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, skipulagðar gönguleiðir, óvissuferðir – og svo að sjálfsögðu Kjarnaskógur, þessi perla!
- 4 hótel, 16 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 3 tjaldsvæði – og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 15 veitingastaðir, 6 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval fjölda ólíkra verslana.

*Nánari upplýsingar um ferðamöguleika og viðburði á* ***akureyri.is*** *og* ***norðurland.is.***

GEIMSTOFAN



**DISKÓ FRISKÓ** Í kringum 1977 klæddist landinn gerviefnum á heitum ljósaböðuðum diskótekum og var því í svitabaði að kvöldi loknu.

# AFTUR TIL FORTÍÐAR

Hefur þjóðin alltaf verið síétandi, djammandi og kaupandi sér ný húsgögn? Eða var lífsstíll okkar eitthvað hógværari og einfaldari hér á árum áður. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* smíðaði sér ágætis tímavél með hjálp nokkurra valinkunnra einstaklinga og ferðaðist aftur til áranna **1977, 1987 og 1997**.

## 1977

**FORSETI:** Kristján Eldjárn.
**VERÐBÓLGA:** 30,5%.
**RÍKISSTJÓRN**: Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, Geir Hallgrímssona forsætisráðherra.
**MANNFJÖLDI:** 222.470

Í 30 ára fjarska virðist það að fara í gegnum daginn árið 1977 afar einfalt. Ísland var enn ofsalega „íslenskt“ og lítið um exótíska framandi stæla – engar flóknar og framandi matvörur að flækjast fyrir fólki í matvörubúðinni og íslensku fyrirsæturnar skelltu framan í sig **indíánapúðri**, **appelsínugulum varalit** og **bláum augnskugga** og sprönguðu um í **lopapeysum**. Í þá daga var meira segja sérstök lopapeysutískusýning – alla föstudaga í hádeginu á **Hótel Loftleiðum**. Þar var hægt að gæða sér á köldum réttum, rækjuhlaupi, síld, laxapaté, grænum baunum, og öðrum kræsingum á meðan **Módelsamtökin**, **Íslenskur heimilisiðnaður** og **Rammagerðin** sáu fólki fyrir því nýjasta sem var að gerast í sléttprjóni, tvíbandaprjóni svo ekki sé minnst á brugðið. Íslendingurinn fann til sín, hann var smám saman að smeygja sér í klæði heimsborgarans þótt hann að vísu tæki sviðakjammann og ullina með sér í heimsreisuna.

### Færri skilnaðir og fleiri matvöruverslanir

Hver fjölskylda ferðaðist saman í einum bíl í stað þess að splitta sér í tvö til þrjú stykki hvern morgun. Kannski sú samvera hafi gert það að verkum að aðeins níu hjón af hverjum þúsund enduðu hjónabandið með látum á þessu ári. Í febrúar færðist mjólkin, osturinn og skyrið úr mjólkurbúðunum inn í matvöruverslanir svo nú þurftu húsmæður ekki að hendast milli nokkurra verslana eftir kjöti, fiski, mjólk og brauði heldur var öllu dótinu skóflað í innkaupakerruna undir sama þaki. Þau þök gátu verið á stórmarkaðinum **KRON**, **Kaupgarði**, **Hagkaupum** í Skeifunni, hjá **Jóni Loftssyni** á Hringbraut eða í smærri verslunum úti í hverfunum en matvöruverslanir voru mun fleiri þá en í dag og aldeilis fleiri eigendur að þeim þá. Skyldi taka verslunarferðina á blússandi flottheitunum var brunað í Kringlu þess tíma; **Glæsibæ** – fyrstu yfirbyggðu verslunarmiðstöð Íslendinga. Þar var verslað í hálfgerðum sólskálafíling, innan um pálmatré og krakkaskarinn þaut upp og niður rúllustigann.

Og úr rúllustiganum í innkaupin sjálf sem voru lítið vesen. Brauðið var **fínt**, eða **gróft**, **normal** eða úr **rúg**. Að vísu var grófs-brauðs-væðingin rétt að hefjast og meðvitaðar húsmæður spurðu eftir slíkum brauðum. Í ávaxtadeildinni var smávegis að bætast við eplin og appelsínurnar, perurnar, bananana, sítrónurnar og perurnar sem höfðu rúlað í ávaxtaborðinu hingað til. Þar ber hæst melónurnar sem þóttu með því smartara sem þú gast stillt upp í eldhúsinu, bæði **vatnsmelónur** og **hunangsmelónur** og **greipaldin** varð hjólið í megrunarkúrum landsmanna. **Ferskur ananas** er aðeins farinn að sjást þó að hans gullaldarár séu reyndar þegar níundi áratugurinn rennur upp. Annars eiga **dósa-ávextirnir** enn vinninginn og margir sem hreinlega fúlsa enn þá við ferskmetinu.

### Heimsmetabókin vinsæl

Neytendur nutu ekki mikilla mannréttinda í grænmetisborðinu. Grænmetisverslun ríkisins var með einokunarstöðu og hvorki var mikið flutt inn né ræktað. **Tómatar** og **gúrkur** áttu sinn sess í matarkörfunni og **paprika** var framandi hlutur í augum flestra en þó farin að fást í búðum og eina salatið var höfuðsalat – **hvítkál**, **rauðkál**, **blómkál** en annað var ekki til. Hægt var að ganga að **gulrótum** og **rófum** vísum en kartöflurnar voru mjög misjafnar eftir árstímum og óætar. Sveppir fengust aðeins niðursoðnir. Fjölskyldan sameinaðist í heitri máltíð einu sinni, ef ekki tvisvar á dag og þar var **steikt ýsa í raspi** með miklum steiktum lauk, soðnum kartöflum, tómötum og gúrkum ofarlega á vinsældalistanum. Bráðið smjörlíki með, **kakósúpa** á eftir og mjólk drukkin með matnum.

En það var meira gert en étið. Það var lesið, horft á sjónvarpið og oftar en ekki fengið sér í tána og kíkt út. Þeir sem kusu að hanga heima með **popp**, **Buggles** og **Spur** gátu til dæmis á föstudagskvöldum horft á **Prúðuleikarana**. Að vísu lauk dagskránni aldrei seinna en tólf á miðnætti en þá var líka hægt að fletta einhverri af metsölubókum ársins en af þeim að dæma fannst fólki fátt skemmtilegra en að lesa um hver gat til að mynda troðið flestum strokleðrum upp í sig á fimm mínútum í **Heimsmetabók Guinness**. **Páll Vilhjálmsson** eftir Guðrúnu Helgadóttir fór líka með þeim eldri jafnt sem yngri á náttborðið og **Ætlar hann aldrei að þagna, karlskrattinn** eftir Magnús Storm var mjög vinsæl. Inn við beinið lifðu þó margir og hrærðust enn í **Íslendingasögunum** enda stutt í njörðinn. Þeir sem ákváðu að kíkja út á lífið hins vegar gátu valið um að fara á einn af gömlu og góðu skemmtistöðunum eða diskótekin nýju sem voru byrjuð að taka yfir.

### Gerviefni tóku við af hippaklæðnaði

Þeir sem kusu gamla stílinn þar sem bönd tróðu upp með lifandi tónlist gátu farið í **Sigtún** á Suðurlandsbraut, einnig **Klúbbinn** í Borgartúni og **Tjarnarbúð** var fyrir þá sem voru ekki enn þá hæstánægðastir í hippalörfunum sínum. Þeir sem voru hins vegar meira hrifnir af hinum nýtilkomnu gerviefnum skunduðu í **pólýesterbuxunum** sínum á betri diskótek bæjarins; **Óðal**, **Hollywood**, **Þórskaffi** og þeir sem bjuggu á Akureyri gátu farið á **Sjallann** sem þá var nýtt diskótek fyrir norðan. Væri góðæri á heimilinu var hægt að splæsa tvöföldum **asna** á sig en ef það þurfti að brjóta sparigrís heimilisins fyrir herlegheitunum var **brennivín í vatn** látið nægja. Dansgólfið blikkaði og litaglöð ljósin margfölduðust í speglaumhverfinu og doði og drungi hippatímans víkja fyrir gleði og glaum.

## EINU SINNI VAR

**Árið 1977 var aðeins ein íslensk sjónvarpsstöð, árið 1987 hafði Stöð 2 bæst í hópinn og 1997 var hægt að velja á milli RÚV, Stöðvar 2, Stöðvar 3 og Sýn.**

Svona leit dagskrá Ríkissjónvarpsins út á þessum árum:

**Mánudagur, 18. apríl 1977**

| | |
|---|---|
| 20.00 | **Fréttir og veður** |
| 20.25 | **Auglýsingar og dagskrá** |
| 20.30 | **Íþróttir.** Umsjón: Bjarni Felixson |
| 21.00 | **Sextánda vorið.** Finnsk sjónvarpsmynd |
| 22.20 | **Hvers er að vænta** (Bandarísk fræðslumynd) |
| 22.50 | **Dagskrárlok** |

**Mánudagur, 9. mars 1987**

| | |
|---|---|
| 18.00 | **Úr Myndabókinni** (Barnaefni) |
| 18.50 | **Íþróttir.** Umsjón: Bjarni Felixson |
| 19.25 | **Táknmálsfréttir** |
| 19.30 | **Steinaldarmennirnir** (Flinstones) |
| 20.00 | **Fréttir og veður** |
| 20.35 | **Sambúð, hjónaband, skilnaður** (Íslensk fræðslumynd um lögfræðileg mál) |
| 21.00 | **Kvöldstund með Róberti Arnfinnsyni leikara.** Umsjón: Árni Ibsen. |
| 21.55 | **Töfrakúlan** (Tékknesk sjónvarpsmynd) |
| 23.15 | **Fréttir í dagskrárlok** |

**Mánudagur, 16.mars 1997**

| | |
|---|---|
| 15.00 | **Alþingi.** Bein útsending frá þingfundi |
| 16.05 | **Markaregn.** Úr leikjum ensku knattspyrnunnar. |
| 16.45 | **Leiðarljós** (Guiding Light) |
| 17.30 | **Fréttir** |
| 17.35 | **Sjónvarpskringlan** (Auglýsingamarkaður) |
| 17.50 | **Táknmálsfréttir** |
| 18.00 | **Fatan hans Bimba** (Barnaefni) |
| 18.25 | **Beykigróf** (Bresk þáttaröð) |
| 18.50 | **Úr ríki náttúrunnar** (Bresk fræðlsumynd) |
| 19.15 | **Fríða** (Norskur myndaflokkur) |
| 19.50 | **Veður** |
| 20.00 | **Fréttir** |
| 20.30 | **Dagsljós** (Umræðuþáttur) |
| 21.05 | **Öldin okkar** (Breskur fræðslumyndaflokkur) |
| 22.00 | **Krókódílaskór** (Breskur myndaflokkur |
| 23.00 | **Ellefufréttir** |
| 23.15 | **Handbolti** |
| 23.45 | **Markaregn** (Endursýning frá því fyrr um daginn) |
| 00.20 | **Dagskrárlok** |



Opið í sunnudagsbúðum 12.00 til 18.00
Pepsi/7up
99 KR.
bíllinn
Kornbox 5 lítra
259 KR.
Safakanna 2.5 lítra
199 KR.
Kveikjarar Veljið sjálf!
299 KR.
Vatnsbrúsi 650 ml
159 KR.
180 mín
399 KR.
Opnum klukkan tólf!
EKKERT BRUÐL
LOFTÞÉTT OG VATNSHELD
Plastboxin góðu fyrir matvælin
(í örbylgjuna og uppþvottavélina)
10 CD diskar
899 KR.
25 CD diskar
1799 KR.
Plastbox verð:
199 KR
350-470 ml Veljið sjálf!
Plastbox verð:
299 KR.
600-800 ml Veljið sjálf!
Plastbox verð:
399 KR.
1000-3500 ml Veljið sjálf!
Gæða herðatré:
399 KR.
10 í kassa
Bónus býður betur!
TAKMARKAÐ MAGN
FÆST EKKI Í ÖLLUM
SÉRVÖRUDEILDUM
TAKMARKAÐ MAGN
FÆST EKKI Í ÖLLUM
SÉRVÖRUDEILDUM
25 sm í þvermál
1999 KR.
Ljósalampi og hnattlíkan
Sjáðu verðið!
3 klæddar körfur
1799 KR.
www.bonus.is
bonus.is

# 1987

**FORSETI:** Vigdís Finnbogadóttir.
**VERÐBÓLGA:** 18,8%.
**RÍKISSTJÓRN:** Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur, Þorsteinn Pálsson forsætisráðherra.
**MANNFJÖLDI:** 247.357.



**BEÐIÐ EFTIR MYNDLYKLI** Bylting varð með tilkomu Stöðvar 2 en fram að því hafði aðeins verið hægt að horfa á eina sjónvarpsstöð.

Árið 1987 var lífið orðið talsvert flóknara. Brauðið var ekki lengur bara fínt eða gróft heldur voru nú komin ýmiss konar **þriggja- og fjölkornabrauð**, **bóndabrauð** og jafnvel **ólífubrauð**. Bakararnir gerðu tilraunir með formið og í betri stórmörkuðum mátti sjá nýtilkomin kringlótt brauð í innkaupakerrum. **Kíví** kom, sá og sigraði og nú þótti fátt flottara en að skella þeim ávexti í tíma og ótíma ofan á kökur og mat. **Fersk jarðarber** voru líka orðin nokkuð algeng og ferskjur og nektarínur voru á góðri leið með að verða góðkunningjar betri húsmæðra bæjarins. Þeim líka til mikillar gleði var nú hægt að kaupa alls kyns framandi grænmeti, **kúrbít**, **eggaldin**, **avókadó**, **jöklasalat**, **chili**, **rauðlauk** og fleira en mest flippuðu þær þó yfir uppfinningunni **hvítlauki** og á þessum árum angaði annar hver landsmaður eins og 10 daga gamalt hvítlauksbrauð. Segja má að það sjái ekki enn fyrir endann á þessari hvítlauksást landsmanna.

Betri stórmarkaðir þessa tíma voru að nokkru leyti þeir sömu og 10 árum áður þótt þeim hefði fjölgað mjög og enn fækkaði minni matvöruverslunum. Hægt var að velja á milli fjögurra verslana í íslensku keðjunni **KRON**, **Hagkaup** var alltaf á sínum stað, **Mikligarður** við Holtaveg átti sína aðdáendur þó svo að ævintýrið þar hafi farið flatt nokkrum árum síðar og ekki má gleyma **Kringlunni** en lýðurinn fékk stjörnur í augun þegar sú gosbrunna-rúllustiga-pálmatrjáaparadís var opnuð. Smartheitin voru slík að í nokkrum verslunum þar á bæ var meira að segja hægt að láta **skannera** lesa beint af verði vörunnar þannig að afgreiðslan gekk fyrir sig á leifturhraða. Í **ÁTVR** á neðri hæðinni gátu viðskiptavinir svo sjálfir gengið á milli hillna og valið það sem þeim leist best á sem var nýjung í áfengisverslun. Samfélagið var litað af sjálfstrausti og gleði. Allt sem við tókum okkur fyrir hendur var stórkostlegt, hvort sem það var **Eurovision**, Sterkasti maður heims eða fegurðarsamkeppnir – við áttum heiminn á öllum sviðum.

## Megrunarkúrar og Fyrirmyndarfaðir

Þarna var líka í tísku að vera hress! Almúginn klæddist skærlitum **Benetton-peysum**, setti í sig **permanett**, drakk drykkina sína með röri og hengdi **garfield-brúður** með sogskálum á afturrúður bíla sinna. Enginn var maður með mönnum nema fara í ljós (alls ekki nota sólarvörn – bara sólarolíu!), til **Costa del Sol** á sumrin og **trimmform** og önnur tæki tóku við **greipaldin** sem aðalmegrunarráðið. **Sítrónu-kúrinn** kom líka sterkur inn og einhverra hluta vegna hélt þjóðin að **pasta** væri besta megrunarráðið en gleymdi því að það að drekkja því í rjómasósu gerði út af við hollustuna. Þannig var hinn dæmigerði kvöldmatur þessara ára vel útilátinn pastaréttur með rjómasósu, skinkutægjum, rækjum og smávegis grænmeti. Að sjálfsögðu hvítlauksbrauð með. Ekki má gleyma heimilunum sem þarna tóku stakkaskiptum útlitslega. Öllu gamla hipparuslinu og bastsólstólunum var skóflað út og inn koma **glerborð** og hvöss horn, gluggatjöld með mígrenismynstri í gráum, gulum og fersjulituðum tónum.


**FYRIRMYNDAR-FAÐIR** Bill Cosby hélt þjóðinni í gíslingu við sjónvarpstækið árið 1987.

Og þjóðin hélt áfram að lesa. Bókin sem sló öll met þetta árið var ævisaga **Höllu Linker** og þótt blómaskeið **Eðvarðs Ingólfssonar** hafi verið á síðustu metrunum átti hann samt metsölubók þetta árið, **Pottþéttur vinur,** og Guðrún Helgadóttir kom með einn slagarann eins og venjulega, **Sænginni yfir minni**. Bill Cosby sigraði hjörtu landsmanna í **Fyrirmyndarföður** sem varð langvinsælasta sjónvarpsefnið í lengri tíma. **Bjartmar Guðlaugs** og **Michael Jackson** urðu samferða í frægðinni og áttu báðir sitt besta ár þarna og landsmenn spiluðu **Í fylgd með fullorðnum** og **Bad** jöfnum höndum. Stuðið náði fram á kvöld um helgar og enn var ekki búið að bjóða bjórnum í partíið og var það ekki gert fyrr en 1989. Málin voru þá leyst með svokölluðu bjórlíki – pilsner með smá skvettu af vodka. Kokkteilar voru líka komnir á vínseðillinn í öllu sínu veldi og eyddi fólk löngum tíma í að renna yfir seðilinn áður en **Miðnes** eða **Sex on the Beach** var pantaður. Á þessum árum skemmti fólk sér á klúbbum eins og **Evrópu**, **Broadway** sem var háklassadansstaður, á **Hótel Sögu** hélt **Raggi Bjarna** uppi stuðinu fyrir eldri kynslóðina. **Hótel Ísland** var að byggjast en **Hollywood** á niðurleið. Sveitaballastaðirnir voru að leggjast af og enginn komst lengur á almennilegt sveitaball.

# 1997

**FORSETI:** Ólafur Ragnar Grímsson
**VERÐBÓLGA:** 1,8%.
**RÍKISSTJÓRN:** Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokur, Davíð Oddsson forsætisráðherra.
**MANNFJÖLDI:** 272.064

Þótt heimilistæki og annað rafkúið góss hafi aldeilis verið búið að einfalda hversdagslífið árið 1997 var orðið enn flóknara að kaupa sér brauð! Hafi það verið flókið 1987 gat heimilisfólk beðið fyrir sér áður en það fór í búðina að velja sér týpuna í brauðskápinn. **Hvítlauksbrauð**, **kryddjurtabrauð**, **tómatabrauð**, **fjallakofabrauð**, **graskersbrauð** og hægt væri að halda áfram. **Gerlausu brauðin** voru líka farin að hasla sér völl enda uppgötvaði þjóðin þarna að hamingjan væri fólgin í alls kyns ger-, mjólkur- og sykurlausri tilveru og tók margur af sér 10-20 kíló með því einu að sniðganga þessi aukaefni satans í matvörunni. Líkt var og að enginn hefði séð ber áður. **Blæjuberið** góða tröllreið öllu í skreytingum og fersk ber voru mikið notuð. **Lime** var tískuávöxtur ársins og framandlegu ávextirnir voru orðnir heill þjóðflokkur í matvörubúðunum þannig að nú eyddi fjölskyldan hálftíma í að lesa á skilti og innihaldslýsingar.

**Sólþurrkaðir tómatar** voru teknir í heilagra manna tölu og **spínat**, **ferskur spergill** og **kirsuberjatómatar** voru farnir að sjást, að ógleymdu **lambhagasalatinu**. Þrátt fyrir aukið grænmetisúrval hélt þjóðin áfram að fitna enda hafði hún ofurtrú á ítölskum kolvetnisríkum mat, löðrandi í hvítlauksolíu og **lasagna** var kvöldmatur vísitölufjölskyldunnar. Þjóðin varð feitari, stressaðari og með meiri og meiri útlitskomplexa. **Símboðar** ærðu mann og annan en GSM-símar voru varla farnir að sjást. **Wonderbra** reddaði slöppum brjóstum, **buffalo-skór** hækkuðu kubbvaxnar konur um nokkra sentimetra og á bakinu voru allar konur með **pínulítinn bakpoka** – jafnvel úti á lífinu. Á galeiðunni var stuð og enn meira stuð hjá þeim sem droppuðu **E-pillum**. Og þar komu símboðarnir dílerunum vel sem notuðu þá gjarnan sem tól til eiturlyfjaviðskipta.

## Skyndibitaát og vídeógláp

**Rósenberg**, **Ingólfskaffi**, **Astró** og **Skuggabarinn** sáu lýðnum, sem var næstum enn ljósabrúnni en árið 1987, fyrir skemmtuninni og nú var fyrst farið að sulla í hinum undarlegustu drykkjum, áfengu sykurlituðu gosi, **breezer**, bleiku kampavíni og skot svo sem **Hot and sweet** voru vinsæl hjá karlmönnum jafnt sem konum. Hið ógurlega nælonefni **taft** var sniðið í fatnað landsmanna og nokkrir skörtuðu fötum úr **plasti** og **latexi**. **Kaffibarinn** átti hjörtu þeirra sem dvöldu ekki á skemmtistöðunum vestan megin við Lækjargötuna og þar blandaði þotuliðið geði við almúgann. Meðan stuðpinnarnir dönsuðu fram á nótt kúrðu þeir heimakæru sig heima í **flíspeysu** með **Titanic** á vídeóspólu og hringdu jafnvel á **dómínós**. Ekki þurfti lengur að svekkja sig yfir sjónvarpsdagskránni því nú var **vídeótæki** jafn algengt á heimilum og vaskur.


**GERVIBRJÓST OG GERVISTÆRÐ** Árið 1977 kættist margur yfir brjóstahaldara og skóm sem stækkuðu brjóst og lengdu búk.

Húsgagnaverslunin **Míra** sá mörgum fyrir innbúinu eins og það lagði sig þar sem dökkur viður var allsráðandi og útskornar indíánagrímur gengu lausar sem skrautmunir. Vildirðu slá alla út í smartheitum fékkstu þér innréttingar úr **kirsuberjavið**, lagðir hann líka á gólfin og flísalagðir baðherbergið með **kóngabláum mósaíkflísum**. Sumir myndu tengja yfirbragðið sem myndaðist við kántrí. Auðvitað átti sjónvarpið samt sína þætti og áður en veturinn leið var öll fjölskyldan búin að læra nöfnin á fjórum stórundarlegum verum sem kölluðu sig **Stubbana**. Þeir sem kusu bókalestur fram yfir sjónvarpsgláp tóku margir sköpunarverk forsætisráðherra með sér í rúmið þetta árið en **Nokkrir góðir dagar án Guðnýjar** var ein af metsölubókunum. Annars má segja að árið 1997 hafi flestir verið farnir að finna fnykinn af góðærinu og búðir eins og **GK** áttu miklum vinsældum að fagna en þar var meira að segja hægt að kaupa barnaskó á litlu góðærisafkomendurna.


**TILFINNINGAFLÓÐ** Titanic snerti við hjörtum landsmanna árið 1997 líkt og heimsbyggðina alla.

*Sérstakir þakkir til Nönnu Rögnvaldardóttur og Þorgeirs Ástvaldssonar fyrir veitta aðstoð.*

# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ


## HÁRSNYRTIFÓLK ATH!

Starfskraftur óskast á vinsæla stofu
Í miðbæ Garðabæjar

Uppl.í s: 861-1286 eða 868-2084

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið

## Félagsliðar - starfsfólk í heimaþjónustu

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis óskar eftir starfsfólki til að sinna sérverkefnum í heima- og stuðningsþjónustu við fatlaða einstaklinga.

**Helstu verkefni:**
- Hvatning til persónulegrar umhirðu og heilsuverndar
- Hvatning og stuðningur til sjálfshjálpar og samfélagslegrar þátttöku
- Stuðningur við verkefni daglegs lífs
- Virkjun og hvatning til tómstunda- og félagsstarfs
- Aðstoð við þrif, þvotta og önnur heimilisstörf

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af umönnunarstörfum
- Áhugi á að vinna með fólki sem á við hvers konar fötlun að stríða
- Metnaður til að veita úrvalsþjónustu
- Sveigjanleiki og lipurð í mannlegum samskiptum
- Félagsliðamenntun æskileg

Lausar eru tvær stöður, ennfremur vantar fólk í helgarvinnu.
Starfshlutfall er samkomulagsatriði.
Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Nánari upplýsingar gefur Elfa Björk Ellertsdóttir, sími 535 2720, netfang: elfa.ellertsdottir@reykjavik.is
Umsóknum skal skilað á félagsmiðstöð Hvassaleitis, Hvassaleiti 56-58, 103 Reykjavík fyrir 25. mars nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## Lögfræðingur hjá BSRB

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru langstærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Öll sambönd og félög opinberra starfsmanna geta orðið aðilar að BSRB. Auk þess eiga rétt til aðildar sambönd og félög starfsmanna fyrirtækja og stofnana sem starfa í almannaþágu og einstaklingar í opinberri þjónustu sem ekki eiga rétt til aðildar að neinu bandalagsfélagi.

Aðildarfélög BSRB eru 27 talsins og er fjöldi félagsmanna rúmlega 19.000. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur.

BSRB var stofnað 14. febrúar 1942.

Á skrifstofu BSRB starfa 12 starfsmenn sem annast ýmis störf fyrir samtökin og aðildarfélög þess.

www.bsrb.is

### BSRB óskar eftir að ráða lögfræðing

**Lögfræðingurinn** ber ábyrgð á ýmsum lögfræðilegum verkefnum, sem varða BSRB og aðildarfélög svo sem erindum er snúa að réttindum félagsmanna og túlkun kjarasamninga. Hann kemur einnig að umsögnum um frumvörp til Alþingis og er fulltrúi BSRB í ýmsum nefndum fyrir hönd bandalagsins.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi háskólapróf í lögfræði, jákvætt viðmót, sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð. Rík áhersla er lögð á hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu og reynslu á stjórnsýslu- og vinnurétti, sem og félagsmálum almennt.

**Umsóknarfrestur** er til og með 20. mars nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Vinsamlega athugið að upplýsingar um starfið verða eingöngu veittar hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Guðný Harðardóttir** veitir nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið eigin starfsferilskrár ásamt viðeigandi prófgögnum til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst til **STRÁ MRI** og tilkynni þátttöku.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6, 4. hæð - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

**Fagmennska í yfir 20 ár**

# STARFSFÓLK ÓSKAST
## Kirkjustétt Grafarholti



11-11 opnar nýja og glæsilega verslun að Kirkjustétt í Grafarholti nú í marsmánuði.

Við leitum að duglegu, heiðarlegu og stundvísu starfsfólki sem vill verða hluti af öflugri liðsheild.
Óskum eftir starfsfólki í fullt starf í dagvinnu og starfsfólki á kvöld- og helgarvaktir.

Fastráðnum starfsmönnum 11-11 bjóðast ýmis fríðindi svo sem afsláttur í fjölda verslana og heilsuræktarstyrkur.

Upplýsingar gefur Rut, verslunarstjóri í síma 822-7033. Hægt er að fylla út umsókn á vefsíðu okkar www.11-11.is eða senda umsókn á gudmunda@11-11.is


**Hvað er að frétta?**
Með púlsinn á markaðnum alla daga_

www.visir.is



vísir
Fyrstur með fréttirnar!

HÉÐINN

Héðinn hf. er rótgróið málmiðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með víðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemin er til húsa í 5.000 m² húsnæði búið öllum fullkomnustu vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaaðstaða er góð og mötuneyti er á staðnum.

# VÉLFRÆÐINGUR

Héðinn hf. leitar að vélfræðingi, rafvirkja eða rafeindavirkja til framtíðarstarfa. Við erum að leita að manni til starfa við þjónustu á búnaði frá Rolls Royce Marine.

**Leitað er að** metnaðarfullum einstakling sem er tilbúin að taka að sér krefjandi og áhugaverð verkefni hjá fyrirtæki í stöðugum rekstri við bestu aðstæður.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Vélfræðingur, rafvirki eða rafeindavirki
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

Landsvirkjun

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 230 milljörðum króna og ársvelta er um 17 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og stefnir að því að fá vottað umhverfis-stjórnunarkerfi skv. ISO 14001 á þessu ári.

Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um framangreint starf.**

# RAFMAGNSVERKFRÆÐINGUR

Landsvirkjun óskar eftir að ráða rafmagnsverkfræðing til starfa á orkuflutningsdeild verkfræði- og framkvæmdasviðs og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
- Verkefnisstjórn við hönnun og undirbúning háspennulína og tengivirkja
- Verkefnisstjórn við byggingu háspennulína og tengivirkja

Orkuflutningsdeild veitir ráðgjöf og hefur umsjón með verkefnum sem snúa að undirbúningi og uppbyggingu flutningskerfis á vegum Landsnets og vegna sambærilegra verkefna hjá öðrum viðskiptavinum Verkfræði- og framkvæmdasviðs.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistaragráða í rafmagnsverkfræði með áherslu á háspennt raforkuvirki
- Gott vald á íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri. Franska töluð og rituð æskileg
- Minnst 10 ára starfsreynsla við hönnun raforkumannvirkja eða slíkar framkvæmdir
- Minnst 5 ára starfsreynsla við verkefnastjórnun
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

Dalvíkurbyggð er framsækið sveitarfélag við utanverðan Eyjafjörð. Þar er blómlegt og fjölbreytt atvinnu- og menningarlíf. Umhverfi er sérlega fjölskylduvænt og góðar aðstæður til útivistar jafnt sumar sem vetur. Frekari upplýsingar um sveitarfélagið má finna á www.dalvik.is.

# SVIÐSSTJÓRI FRÆÐSLU- OG MENNINGARSVIÐS

Dalvíkurbyggð auglýsir lausa til umsóknar stöðu sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Starfssvið**
- Stjórnun og daglegur rekstur fræðslu- og menningarsviðs
- Umsjón með fræðslu-, íþrótta-, æskulýðs- og menningarmálum
- Áætlanagerð og stefnumótun
- Undirbúningur og eftirfylgni mála sem falla undir fræðsluráð og íþrótta-, æskulýðs- og menningarráð
- Þátttaka í yfirstjórn sveitarfélagsins
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri mikilvæg
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, einkum sveitarfélaga, æskileg
- Góð tölvukunnátta og gott vald á íslensku
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Laun og starfskjör eru samkvæmt Starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar.
Í samræmi við jafnréttisáætlun Dalvíkurbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

---

# KÍKTU Á CAPACENT.IS

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

capacent

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

STAÐLARÁÐ ÍSLANDS ÍSLENSKIR STAÐLAR

Staðlaráð Íslands er vettvangur hagsmunaaðila til að vinna að stöðlun og notkun staðla á Íslandi. Ráðið starfar á grundvelli laga um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003. Staðlaráð stendur fyrir námskeiðum og veitir ráðgjöf, upplýsingar og þjónustu um hvaðeina er lýtur að stöðlum og stöðlun. Jafnframt sér Staðlaráð um sölu staðla frá fjölmörgum staðlastofnunum. Staðlaráð er fulltrúi Íslands í alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO og IEC, evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, og þátttakandi í norrænu stöðlunarsamstarfi INSTA.

# VERKEFNASTJÓRI

Staðlaráð óskar eftir að ráða verkefnastjóra til starfa sem fyrst.

**Starfssvið**
- Þátttaka á fundum tækniráðs CEN og samráð við innlenda hagsmunaaðila vegna þess, yfirumsjón með þátttöku í tæknilegu staðlastarfi hjá CEN
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði bygginga og mannvirkjagerðar, og kynningu á því starfi, er ritari Byggingarstaðlaráðs
- Umsjón með faglegri vinnu varðandi stöðlun á sviði gæða- og umhverfisstjórnunar og á skyldum sviðum, og kynningu á því starfi. Er ritari Fagstjórnar um stöðlun í gæðamálum
- Önnur stöðlunarverkefni skv. ákvörðun yfirmanns

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í byggingarverkfræði
- Starfsreynsla í byggingariðnaði
- Reynsla af gæðastjórnun og notkun staðla
- Góð íslensku- og enskukunnátta, önnur tungumál kostur, hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



RÍKISENDURSKOÐUN

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og hefur það meginhlutverk að annast eftirlit með fjárreiðum og rekstri ríkisins. Hjá stofnuninni vinna um 50 manns með margvíslega menntun og reynslu. Lögð er áhersla á starfsþróun og endurmenntun til að tryggja að þekking starfsmanna sé í samræmi við þau krefjandi verkefni sem stofnuninni eru falin.

Laun ákvarðast af ábyrgð, menntun, frammistöðu og árangri starfsmanna. Að auki er tekið mið af launakjörum á almennum vinnumarkaði.

# SÉRFRÆÐINGAR Í STJÓRNSÝSLUENDURSKOÐUN

Hjá Ríkisendurskoðun eru lausar til umsóknar stöður sérfræðinga í stjórnsýsluendurskoðun. Störfin felast í gerð úttekta á verkefnum ríkisins og mati á hagkvæmni, skilvirkni og árangri þeirra. Yfirleitt er unnið í 2 til 3 manna teymum. Gerð er grein fyrir niðurstöðum úttekta í skýrslum sem birtar eru opinberlega.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun skilyrði, framhaldsnám er kostur
- Hæfni í að greina og túlka margvíslegar upplýsingar um starfsemi á vegum ríkisins með hagkvæmni, skilvirkni og árangur í huga
# Roland varði bikarinn

**Markvarsla Rolands Vals Eradze gerði gæfumuninn í stórsigri Stjörnunnar á Fram í úrslitaleik bikarkeppni karla í gær. Patrekur Jóhannesson fyrirliði tók því við sigurlaununum annað árið í röð fyrir hönd Stjörnunnar frá Garðabæ.**

**HANDBOLTI** Ótrúleg frammistaða Rolands Vals Eradze í marki Stjörnunnar átti stærstan hlut í því að Garðbæingar urðu bikarmeistarar karla annað árið í röð. Hann lokaði markinu á löngum köflum í fyrri hálfleik þegar Stjörnumenn byggðu upp forskot sitt. Forystan í hálfleik var sjö mörk, 16-9, og á endanum vann Stjarnan tíu marka sigur, 27-17.

Eins og sést glögglega á þessum tölum var sóknarleikur Fram í molum. Leikurinn byrjaði reyndar ágætlega fyrir þá og komust Íslandsmeistararnir í 3-2 forystu með tveimur langskotsmörkum frá Jóhanni Gunnari Einarssyni. En síðan byrjaði Roland að verja og Stjörnumenn skoruðu á næstu tólf mínútum sjö mörk gegn tveimur hjá Fram. Undir lok hálfleiksins tók annar slíkur leikkafli við þegar bikarmeistararnir skoruðu sjö mörk gegn einu á tíu mínútum.

Roland var einfaldlega skotinn í gang. Hann varði fimmtán skot í fyrri hálfleik og fjórtán í síðari.

Undir lok fyrri hálfleiks og í næstum öllum síðari hálfleik hélt Stjörnuvörnin gríðarlega vel. Hún átti sinn þátt í góðri markvörslu Rolands. Framarar reyndu hvað þeir gátu til að vinna sig aftur inn í leikinn eftir leikhléið og sést það best á því að fyrsta markið í síðari hálfleik kom ekki fyrr en á 11. mínútu.

Það var bara ekki nóg. Stjörnumenn héldu áfram að skora fleiri mörk en Framarar og sigurinn var í raun aldrei í hættu. Stjarnan komst í tíu marka forystu þegar tólf mínútur voru til leiksloka.



**HETJAN** Roland Valur Eradze með bikarinn sem hann átti svo ríkan þátt í að halda í Garðabænum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Markverðir Fram, Björgvin í fyrri hálfleik og Magnús í þeim síðari, stóðu sig einnig vel og vörðu marga góða bolta. En Framarar áttu engin svör við varnarleik og markvörslu Stjörnunnar og þar við sat.

„Það klikkaði allt og ekkert gekk sem við ætluðum okkur að gera. Við skutum Roland í gang og áttum lélegasta leik tímabilsins einmitt hér í dag," sagði Jóhann Gunnar eftir leik, fremur súr. „Við vorum allir skelfilegir og ættum að skammast okkar fyrir þennan leik."

Hann hefur hins vegar engin svör um hvað fór úrskeðis. „Kannski var spennustigið í okkar liði of hátt. Væntingar okkar voru miklar fyrir leikinn enda höfðum við ekki tapað fyrir Stjörnunni í allan vetur. Það hefur gengið sífellt betur hjá okkur eftir áramót og ég tel enn að við getum gert mun betur."

Liðsheildin hjá Stjörnunni var gríðarlega sterk, sérstaklega í vörn. Gunnar Ingi Jóhannsson stóð sig afar vel í fyrri hálfleik og Tite Kalandaze var skæður þegar mest á reyndi í þeim síðari. David Kekelia átti einnig frábæran leik og var besti maður leiksins að Roland undanskildum.

eirikur@frettabladid.is

Roland Valur Eradze var hetja Stjörnunnar í bikarúrslitaleiknum í gær:

# Gleymi meiðslunum í sjálfum leiknum

**HANDBOLTI** „Ég á í vandræðum með fótinn og öxlina eins og venjulega. Það var því fremur erfitt að undirbúa sig fyrir leikinn," sagði markvörður Stjörnunnar, Roland Valur Eradze, eftir leik. „Ég er sem betur fer með góðan sjúkraþjálfara," bætti hann við í léttum tón. Roland var hetja sinna manna í gær þegar hann varði 29 skot í leiknum.

„En ég gleymi meiðslunum um leið og út í leikinn er komið. Ég átta mig á því smám saman hvernig ég er eftir að leiknum lýkur. Það skiptir líka engu máli hvernig ég verð á morgun, aðalmálið er dagurinn í dag." - esá


Knattspyrnuskóli Manchester United

SOCCER SCHOOLS

Tvö námskeið: 27. júlí - 3. ágúst og 3. ágúst - 10. ágúst

Í ár bjóðum við upp á tvö námskeið í Knattspyrnuskóla Man.Utd (Man.Utd soccer school).

Skólinn er ætlaður piltum og stúlkum á aldrinum 12-16 ára og er lágmarksfjöldi á hvort námskeið 30 krakkar.

Krökkunum er skipt upp eftir kyni, og er því skólinn haldinn á tveimur stöðum sem þó eru nálægt hvor öðrum.

Boðið er upp á dagsferð í Alton Towers skemmtigarðinn, auk þess sem Old Trafford heimavöllur Man.Utd er heimsóttur

Öll þjálfun er í höndum unglingaþjálfara sem uppfyllt hafa strangar kröfur Man.Utd um að fá að starfa við skólann

**Nánari upplýsingar** um skólann er að finna á heimasíðu okkar www.uu.is

**Verð:** 119.900 kr.

**Innifalið:** flug, skattar, rútur til og frá flugvelli, gisting með fullu fæði, skoðunarferð um Old Trafford, ferð í Alton towers, bolur og húfa merkt skólanum, öll kennsla og þjálfun og íslensk fararstjórn.

**Skráning í skólann er hjá Úrval Útsýn í síma 585-4000 eða á tölvupósti tonsport@uu.is**

Upplýsingar: www.uu.is





Enska bikarkeppnin:

# Ronaldo bjargaði United

**FÓTBOLTI** Vítaspyrna sem Cristiano Ronaldo skoraði úr bjargaði Manchester United frá því að detta úr leik í fjórðungsúrslitum ensku bikarkeppninnar á Riverside í gær.

Wayne Rooney kom United yfir á 23. mínútu með laglegu skoti en táningurinn Lee Cattermole jafnaði metin fyrir Middlesbrough skömmu síðar. Glórulaus varnarvinna gestanna varð til þess að George Boateng skoraði með skalla eftir horn snemma í síðari hálfleik.

Boateng handlék svo knöttinn á 66. mínútu í eigin teig og var vítaspyrna dæmd sem Ronaldo skoraði úr.

Liðin mætast aftur á Old Trafford þann 19. mars. Leikurinn var kveðjuleikur Henriks Larssonar.

- esá

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

### *SS-bikarkeppni kvenna*

| HAUKAR-GRÓTTA | 26-22 (12-10) |
|---|---|

**Mörk Hauka (skot)**: Hanna G. Stefánsd. 7/1 (10/1), Ramune Pekarskyte 7 (13), Sandra Stojakovic 3 (8), Lilja Björk Hauksdóttir 2 (3), Erna Þráinsdóttir 2 (6), Sigrún Brynjólfsdóttir 1 (1), Inga Fríða Tryggvadóttir 1 (1), Ingibjörg Karlsd. 1 (2), Erna Halldórsd. 1/1 (1/1), Harpa Melsteð 1 (3)
**Varin skot:** Helga Torfadóttir 16/1
**Hraðaupphlaup:** 7 (Hanna 4, Lilja, Sigrún, Ramune)
**Fiskuð víti**: 2 (Hanna, Sandra)
**Utan vallar**: 8 mínútur
**Mörk Gróttu (skot)**: Natasa Damljanovic 8/3 (15/4), Anna Úrsúla Guðmundsd. 5/1 (6/1), Arndís Erlingsdóttir 3 (3), Kristín Þórðardóttir 3 (6), Eva M. Kristinsd. 2 (11), Ragna Karen Sigurðard. 1 (3), Eva Björk Hlöðversd. (2), Sandra Paegle (6)
**Varin skot**: Íris Björk Símonardóttir 14
**Hraðaupphlaup**: 6 (Kristín 2, Arndís 2, Natasa 2)
**Fiskuð víti**: 5 (Kristín 2, Natasa 2, Eva Margrét)
**Utan vallar**: 8 mínútur

| FRAM-STJARNAN | 17-27 |
|---|---|

**Mörk Fram (skot)**: Jóhann Gunnar Einarsson 7/3 (15/5), Einar Ingi Hrafnsson 3/1 (3/1), Daníel Berg Grétarsson 3 (8), Sigfús Páll Sigfússon 2 (3), Haraldur Þorvarðarson 1 (3), Andri Haraldsson 1 (8), Stefán Stefánsson (1), Zoltan Belanyi (2), Þorri B. Gunnarsson (2), Sergey Serenko (6).
**Varin skot**: Björgvin Gústavsson 11, Magnús Erlendsson 9.
**Hraðaupphlaup**: 4 (Daníel 2, Haraldur 1, Einar 1).
**Fiskuð víti**: 7 (Jóhann Gunnar 4, Daníel 1, Sigfús Páll 1, Haraldur 1).
Utan vallar: 6 mínútur.
**Mörk Stjörnunnar (skot)**: David Kekelia 7 (9), Tite Kalandaze 7/2 (15/2), Gunnar Ingi Jóhannsson 5/2 (7/2), Ólafur Víðir Ólafsson 3 (5), Elías Már Halldórsson 2 (7), Guðmundur Guðmundsson 1 (1), Arnar Freyr Theódórsson 1 (4), Patrekur Jóhannesson 1 (5), Björn Óli Guðmundsson (1).
**Varin skot**: Roland Eradze 29/1.
**Fiskuð víti**: 4 (Patrekur 2, Kysil 1, Elías 1).
**Utan vallar**: 8 mínútur.

### *Enska bikarkeppnin*

| MIDDLESBROUGH-MAN. UNITED | 2-2 |
|---|---|

0-1 Wayne Rooney (23.), 1-1 Lee Cattermole (45.), 2-1 George Boateng (47.), 2-2 Cristiano Ronaldo, víti (68.).

### *Þýska úrvalsdeildin*

| HANNOVER 96-SCHALKE | 1-1 |
|---|---|

**Gunnar Heiðar Þorvaldsson** var í byrjunarliði Hannover og lék fyrstu 72 mínútur leiksins.


AIR FRANCE KLM

umhverfis jörðina, allan sólarhringinn
bókaðu á




klmiceland.is
Leita að fleiri tilboðum

The Reliable Airline KLM Royal Dutch Airlines SKYTEAM

Einn smellur á klmiceland.is til að finna hagstæðasta miðaverðið, bóka á Netinu, fá upplýsingar um flug, safna flugpunktum og svo framvegis.

Skilmálar: Verð fram og til baka frá Reykjavík með öllum sköttum og gjöldum. Nánari upplýsingar um skilmála má finna á www.klmiceland.is




Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ
– Vel lesið

*Gallup maí 2006



KYNNINGARFUNDUR UM MEISTARANÁM Í LÝÐHEILSUFRÆÐUM

Opinn kynningarfundur um meistaranám í lýðheilsufræðum við Háskólann í Reykjavík verður haldinn mánudaginn 12. mars kl. 12 – 13 í Ofanleiti 2, stofu 201.

**Allir velkomnir.**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is


# Haukar unnu örugglega

**Öflugur varnarleikur og góð markvarsla tryggði reynslumiklu liði Hauka bikarmeistaratitilinn í kvennaflokki annað árið í röð og í fjórða sinn alls.**

**HANDBOLTI** Haukar úr Hafnarfirði fögnuðu sigri í SS-bikarkeppni kvenna annað árið í röð þegar þær lögðu Gróttu að velli í gær, 26-22. Frábær varnarleikur og góð markvarsla skóp sigurinn umfram allt annað en reynsla Haukaliðsins af úrslitaleikjum gerði gæfumuninn í seinni hálfleik.

Grótta fór betur af stað og skoraði fyrstu þrjú mörk leiksins en bæði lið gerðu mörg mistök í upphafi leiks sem rekja má til taugatitrings. Haukar voru fyrri til að ná áttum og jöfnuðu leikinn, 3-3, með frábærum varnarleik þar sem Grótta skoraði ekki mark í átta mínútur. Haukar náðu forystunni í fyrsta sinn eftir fimmtán mínútna leik, 4-5, og létu forystuna aldrei af hendi eftir það.

Haukar náðu mest fjögurra marka forystu í fyrri hálfleik, 5-9, en Grótta endaði hálfleikinn vel og minnkaði muninn í 10-12 áður en hálfleiksflautið gall.

Haukar mættu mjög ákveðnir til leiks eftir hlé og juku forskotið jafnt og þétt þar til munurinn á liðunum var orðinn sjö mörk, 13-20. Grótta náði að minnka muninn í tvö mörk þegar 10 mínútur voru til leikslока, 20-22. Reynslumiklir leikmenn Hauka sáu þó enga ástæðu til að örvænta og skoruðu þrjú af næstu fjórum mörkum leiksins áður en Helga Torfadóttir varði vítakast Natösju Damljanovic í stöðunni 21-25 og þrjár mínútur eftir. Liðin skoruðu eitt mark hvort áður en yfir lauk og sanngjarn sigur Hauka, 22-26, því staðreynd.

Haukar léku frábæra vörn síðustu 55 mínútur leiksins og fyrir aftan vörnina varði Helga Torfadóttir mjög vel. Harpa Melsteð leiddi vörnina eins og henni einni er lagið en hvað sóknarleikinn varðar stóðu Ramune Pekarskyte og Hanna Guðrún Stefánsdóttir upp úr.

Til marks um hve öflugur varnarleikur Hauka var fékk Anna Úrsúla Guðmundsdóttir úr litlu að moða. Hún og Natasa Damljanovic voru engu að síður öflugastar í liði Gróttu auk Írisar Bjarkar Símonardóttur í markinu.

Einar Jónsson, þjálfari Hauka, var að vonum í skýjunum í leikslok. „Þessi dagur er nýr þjóðhátíðardagur hjá mér. Þetta er stærsta stund mín á íþróttaferlinum.“

Haukar fóru erfiðu leiðina að bikarnum og sigruðu þrjú efstu lið DHL-deildar kvenna í þremur síðustu umferðunum. „Við höfum sýnt það í þessari keppni að við erum bestir þegar við nennum því. Við þurfum bara að nenna því í deildinni líka. Við spiluðum frábæra vörn 90 prósent af leiknum og það er það sem skilur á milli í dag.“

Einar skartaði glæsilegum rauðum hanakambi í dag. „Ég lofaði að ég myndi gera þetta ef við sigruðum Val í undanúrslitunum og ég varð að standa við það.“

Alfreð Finnsson, þjálfari Gróttu, var alls ekki sáttur í leikslok og vandaði HSÍ ekki kveðjuna. „Þetta er mjög einfalt. Það er bara við HSÍ að sakast. Landsliðið var úti um síðustu helgi og svo eigum við leik á þriðjudag og fáum eina æfingu fyrir bikarúrslitaleikinn sem er stærsti leikur ársins. Við fáum svo lélega dómgæslu og lykilmenn brugðust algjörlega,“ sagði Alfreð foxillur í leikslok. **- gmi**



**STOLTUR ÞJÁLFARI** Einar Jónsson, þjálfari Hauka, með bikarinn góða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HARPA MELSTEÐ** Fagnar hér með liðsfélögum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Harpa Melsteð, fyrirliði bikarmeistara Hauka:

# „Vörn og markvarsla vinnur titla“

**HANDBOLTI** Harpa Melsteð, fyrirliði Hauka, hefur unnið ófá titlana á farsælum ferli sínum hjá Haukum. Þetta var leikur númer 451 hjá þér, veistu númer hvað titillinn var? „Þetta var fjórði bikarinn en ég hef ekki tölu á öllum titlunum. Við höfum unnið þá ófáa stóra. Ég hef unnið allt nema Evrópubikar og ég efast um að spila nógu lengi til að vinna einn slíkan.“

Oft hefur verið sagt að vörn og markvarsla vinni titla og það tók Harpa undir. „Þetta hefur margsannað sig og gerði það enn einu sinni í dag. Við vorum smá stund í gang en þegar við hristum stressið af okkur þá fannst mér við hafa þetta í hendi okkar. Ég hafði góða tilfinningu fyrir þessu ótrúlega snemma leiks og eftir að við komumst yfir var ekki aftur snúið. Reynslan kom vel að notum í lokin þótt við værum jafn stressaðar og þær í upphafi leiks. **- gmi**


INN LIST

GALLERÍ





20%
kynningarafsláttur
til 17. mars



Innanhússarkitekt
veitir ráðgjöf við val og
uppsetningu listmuna

Gæði og fagmennska
Viðurkenndir listamenn
Falleg gjafakort

Verið velkomin og njótið
einstakrar listar...

Ármúla 34 -108 Reykjavík - Sími: 553 1009
Opið: Mán. - föstud. kl. 12 - 18 - Laugard. kl. 13-16

KORTER.IS





VANTAR ÞIG FISKVINNSLUFÓLK?

Höfum milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN • HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR • SÍMI 581 2222 • WWW.VOOT.IS

# LAGER SALA

TÓNLIST - TÖLVULEIKIR
DVD MYNDIR OG DVD TÓNLIST

LAGERSALA SKÍFUNNAR
SKEIFUNNI 17

OPIÐ ALLA
DAGA VIKUNNAR
11-19

VERÐ FRÁ
99KR

VSK AF TÓNLIST LÆKKAR Í 7%

## DVD MYNDIR




999 kr.

## TÖLVULEIKIR




999 kr.

## TÓNLIST




1.499 kr.




799 kr.

ÞÚSUNDIR TITLA Í BOÐI!

S·K·Í·F·A·N

LAGERSALA SKÍFUNNAR SKEIFUNNI 17

## JACK NICHOLSON

John Joseph Nicholson fæddist í New Jersey árið 1937. Amma hans tók hann að sér strax eftir fæðingu og það var ekki fyrr en að Time Magazine vann að grein um leikarann, sem þá var orðinn 37 ára gamall, sem hann komst að því að foreldrar hans voru í raun amma hans og afi og að stóra systirin var móðir hans. Jack hefur sjálfur ekki átt venjulegt fjölskyldulíf á fullorðinsárum. Hann á fimm börn með fjórum konum og hefur aðeins verið kvæntur einni þeirra. Jack leikur í Something´s Gotta Give sem sýnt verður á Stöð 2 Bíó kl. 20.00 í kvöld.



dagsk

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER ORÐIN DAUÐLEIÐ Á EYJASKEGGJUM Í SURVIVOR

# *Gömul vandamál og ný leiðindi*

Í fjórtánda sinn er hópi misjafnra Bandaríkjamanna hóað saman og hent á eyðieyju, í þetta sinn á Fiji-eyjum. Sjöunda árið í röð er fylgst með því þegar hópnum er skipt í tvennt og gefin misgáfuleg nöfn. Enn einu sinni verða einstaklingarnir að ljúga, svíkja og pretta til að verða þeir sem standa einir eftir og hreppa vegleg verðlaun.

Ég verð að viðurkenna að fyrstu sex árin var ég dyggur áhorfandi þáttanna og átti mína uppáhaldskeppendur sem ég varð mjög sár yfir ef duttu út. Svo voru það þessir óþolandi keppendur sem maður elskaði að hata og fólkið sem maður skildi ekki af hverju var ekki búið að kjósa út fyrir löngu.




Síðasta árið eða svo hefur ljóminn sannarlega farið af Survivor-þáttunum. Þeir eru nú í besta falli fínt uppfyllingarefni í auglýsingahléi á öðrum þáttum. Þessi forfaðir allra bandarískra raunveruleikaþátta hefur hreinlega ekkert nýtt að bjóða. Allar persónur hafa komið fram áður, öll vandamál eru gömul og samskiptaerfiðleikarnir milli keppenda eru sjaldan nýir af nálinni.

Mikið þarf til að ég setjist aftur spennt fyrir framan skjáinn þegar Survivor birtist þar. Ef framleiðendur vilja ná hylli minni á ný þurfa þeir að gera eitthvað róttækt, til dæmis myndi „celebrity survivor“ heilla mig á einhvern undarlegan hátt.

## EKKI MISSA AF



▶12.35 Chelsea - Tottenham SÝN



▶20.00 My Name is Earl SIRKUS



▶21.30 Boston Legal SKJÁREINN



▶21.10 Twenty Four STÖÐ 2



▶20.00 Something's Gotta Give STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar 08.01** Matti morgunn **08.13** Hopp og hí Sessami **08.37** Friðþjófur forvitni **09.00** Disneystundin **09.01** Suðandi stuð **09.23** Sígildar teiknimyndir **09.30** Herkúles **09.54** Tobbi tvisvar **10.17** Allt um dýrin

**10.45 Jón Ólafs**

**11.25 Spaugstofan**

**11.50 Formúluannáll 2006** e.

**12.45 Í sviðsljósinu** (Center Stage) e.

**14.40 Hljóð og tilfinning** (e)

**16.20 Tónlist er lífið** (4:9)

**16.50 Lithvörf** e.

**17.00 Jörðin** (5:6)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar** (23:30)

**18.30 Leirkarlinn með galdrahattinn**

**18.40 Tamar vill heyra**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Tónlist er lífið (5:9)**
Sif Tulinius fiðluleikari segir frá tónlistinni. Eins er Kór Hreppamanna heimsóttur að Flúðum. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**20.40 Elísabet I** (2:2)
(Elizabeth I) Bresk mynd í tveimur hlutum um opinbert líf og einkalíf Elísabetar I Englandsdrottningar á efri árum hennar.

**22.30 Helgarsportið**

**22.55 Hneykslið**

**00.30 Kastljós**

**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Virginia´s Run**

**08.00 Bridget Jones. The Edge of Reason**

**10.00 My Boss´s Daughter**

**12.00 Something´s Gotta Give**

**14.05 Virginia´s Run**

**16.00 Bridget Jones. The Edge of Reason**

**18.00 My Boss´s Daughter**

▶**20.00 Something´s Gotta Give**

**22.05 Heaven**

**00.00 Ring 0**

**02.00 Fistful of Dollars**

**04.00 Heaven**

## STÖÐ 2

**07.00 Myrkfælnu draugarnir** (73:90)

**07.15 Pocoyo**

**07.25 William´s Wish Wellingtons**

**07.30 Barney**

**07.55 Addi Panda**

**08.00 Stubbarnir**

**08.25 Doddi litli og Eyrnastór**

**08.35 Kalli og Lóla**

**08.50 Könnuðurinn Dóra**

**09.15 Grallararnir**

**09.35 Kalli litli kanína og vinir**

**09.55 Litlu Tommi og Jenni**

**10.20 Stóri draumurinn**

**10.45 Ævintýri Jonna Quests**

**11.10 Sabrina - Unglingsnornin**

**11.35 Galdrastelpurnar** (26:26)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 Silfur Egils**

**14.00 Nágrannar**

**15.45 Meistarinn**

**16.35 Freddie** (4:22)

**16.55 Beauty and the Geek** (6:9)

**17.45 Oprah**
(One Week Later. The Huge Reaction To The Secret)

**18.30 Fréttir**

**19.00 Ísland í dag og veður**

**19.15 Kompás**

**19.50 Sjálfstætt fólk**

**20.25 Cold Case** (9:24)
Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta. Bönnuð börnum.

▶**21.10 Twenty Four** (8:24)
Í kvöld reynir Jack að komast að því hvar Morris felur sig á meðan Wayne reynir að fá Assad til að fordæma hryðjuverk opinberlega. Stranglega bönnuð börnum.

**21.55 Numbers** (19:24)

**22.40 60 mínútur**

**23.25 X-Factor** (16:20)

**00.35 X-Factor - úrslit símakosninga**

**01.05 Blue Murder**

**02.15 Gone But Not Forgotten** (1:2)

**03.40 Gone But Not Forgotten** (2:2)

**05.05 Cold Case** (9:24)

**05.50 Fréttir**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**16.45 Da Ali G Show** (e)

**17.15 Trading Spouses** (e)
Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda. Þau munu ala upp börn þeirra, hugsa um heimilið þeirra og fá þannig að upplifa annað líf. Fyrir suma er þetta gott frí en fyrir aðra algjör martröð.

**18.00 Fashion Television** (e)
Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.

**18.30 Fréttir**

**19.10 KF Nörd** (8:15)

▶**20.00 My Name Is Earl 2 - NÝTT** (e)

**20.30 The Nine** (e)

**21.15 Smith** (e)
Bobby virðist á yfirborðinu vera venjulegur maður. Hann er með góða vinnu, giftur og býr í fallegu húsi í rólegu úthverfi. En það sem fæstir vita er að Bobby er einnig þjófur. Með aðalhlutverk fara Ray Liotta (Goodfellas), Virginia Madsen (Sideways) og Amy Smart (Starsky and Hutch.

**22.00 28 Days Later**
Hrollvekjandi kvikmynd um atburði sem ógna tilvist jarðarbúa. Aðalhlutverk. Cillian Murphy, Naomie Harris, Megan Burns, Christopher Eccleston. Leikstjóri. Danny Boyle. 2002. Stranglega bönnuð börnum.

**00.00 Janice Dickinson Modeling Age** (e)

**00.30 Dr. Vegas** (e)

**01.15 Sirkus Rvk** (e)

**01.45 Entertainment Tonight** (e)

**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi**. Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á Mánudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.30 Vörutorg**

**11.30 Rachael Ray** (e)

**12.15 Rachael Ray** (e)

**13.00 Snocross** (e)

**13.30 Out of Practice - Lokaþáttur** (e)

**14.00 High School Reunion - NÝTT** (e)

**15.00 Skólahreysti** (e)

**16.00 Britain's Next Top Model** (e)

**17.00 Innlit / útlit** (e)

**18.00 The O.C.** (e)

**19.00 Battlestar Galactica - Lokaþáttur** (e)
Framtíðarþáttaröð sem á dyggan hóp aðdáenda. Í þáttunum er fylgst með klassískri baráttu góðs og ills eftir að hinir illskeyttu Cylons réðust á jarðarbúa og tortímdu milljörðum manna.

**19.45 Top Gear** (4:9)
Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum, skemmtilega dagskrárliði og áhugaverðar umfjallanir.

**20.40 Psych** (5:15)
Bandarísk gamansería um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.

▶**21.30 Boston Legal** (10:22)
Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston.

**22.30 Dexter** (4:12)

**23.20 C.S.I.** (e)

**00.10 Heroes** (e)

**01.10 Jericho** (e)

**02.00 Vörutorg**

**03.00 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**14.00 Roma - Udinese** (beint)
Bein útsending frá leik Roma og Udinese.

**16.00 Sir Bobby Robson Golf Classic** (e)

**19.20 Inter - AC Milan** (beint)
Bein útsending frá nágrannaslag Inter og AC Milan.

**21.30 Roma - Udinese** (frá 11. mars)

**23.30 Dagskrárlok**

HRÆDD
VIÐ HVAÐ ERUM VIÐ HRÆDD?

▶ Draumalandið frumsýnt 16. mars

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Sími 555 2222

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.50

### Sjálfstætt fólk



Í kvöld mun Jón Ársæll ræða við umboðsmann Íslands, Einar Bárðarson, og Áslaugu eiginkonu hans. Hjónin eru búin að koma sér vel fyrir í London ásamt dóttur sinni. Einar hefur þó ekki sagt skilið við Ísland enda er hann einn af dómurunum í X-Factor. Í þættinum ferðast Jón Ársæll til London ásamt Einari og fylgist þar með starfi hans. Einnig ræðir hann við Áslaugu sem kemur hér fram í sjónvarpsviðtali í fyrsta sinn.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ ELÍSABETU I Sjónvarpið kl. 20.40

Bresk verðlaunamynd í tveimur hlutum um opinbert líf og einkalíf Elísabetar I Englandsdrottningar á síðari hluta valdatíðar hennar. Í myndinni kemur fram hvaða augum hún leit bandamenn sína, óvini og vonbiðla um leið og hún barðist fyrir tilveru sinni og stöðu í heimi þar sem karlar réðu ríkjum. Drottningin sameinaði þjóð sem var sundruð af trúardeilum, hratt af sér árás spænska herskipaflotans árið 1588 og var einn ástsælasti þjóðhöfðingi Englendinga þegar hún dó eftir 45 ár á valdastóli.



Meðal leikenda eru Helen Mirren sem fékk Emmy- og Golden Globe-verðlaunin fyrir myndina, Jeremy Irons, Patrick Malahide og Hugh Dancy.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**08.05** Morgunandakt
**08.15** Tónlist á sunnudagsmorgni
**09.03** Lóðrétt eða lárétt. Umsjón: Ævar Kjartansson.
**10.15** Hafa skáldin áhrif? Stjórnmál og bókmenntir í Austur-Evrópu.
**11.00** Guðsþjónusta í Grafarvogskirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Útvarpsleikhúsið: Feigðarför
**13.40** Sunnudagskonsert
**14.10** Söngvamál
**15.00** Sögumenn: Óður til Stínu Magg
**16.10** Ungir vísindamenn
**17.00** Síðdegi skógarpúkanna
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Seiður og hélog. Umsjón: Jórunn Sigurðardóttir.
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Afsprengi, Íslensk tónlist.
**19.50** Óskastundin
**20.35** Sagnaslóð. Umsjón: Birgir Sveinbjörnsson.
**21.15** Laufskálinn. Umsjón: Anna Margrét Sigurðardóttir.
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Til allra átta
**23.00** Andrarímur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**06.00 Evrópumótaröðin** (Singapore Masters) Bein útsending frá lokadegi.
**09.00 Sporðaköst II** (Stóra-Laxá)
**09.30 Box - Wladimir Klitschko vs. Ray Austin**
**10.25 Spænski boltinn** (Barcelona - Real Madrid)
**12.05 FA Cup - Preview Show 2007**
▶**12.35 FA Cup 2006** (Chelsea - Tottenham) Bein útsending.
**14.35 Bestu bikarmörkin** (Arsenal Ultimate Goal Collection)
**15.25 Coca Cola mörkin**
**15.55 FA Cup 2006** (Blackburn - Man. City) Bein útsending.
**17.55 FA Cup 2006** (Plymouth - Watford) Bein útsending.
**19.55 Spænski boltinn** (Osasuna - Valencia)
**21.55 Evrópumótaröðin** (Singapore Masters)
**00.15 FA Cup 2006** (Chelsea - Tottenham)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.30** Mickeys klubhus **6.55** Den lille røde traktor **7.05** Fandango **7.30** Lille Nørd **8.00** SportsNørd **8.30** Junior **9.00** Hannah Montana **9.2**5 Scooby Doo **9.40** Pucca **9.50** Pucca **10.00** Mission integration **10.30** Arbejdsliv - find et job **11.00** TV Avisen **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** Skum TV 2007 **11.45** Flemmings Helte **12.00** SPAM **12.15** Boogie Listen Countdown **12.30** Hjerteflimmer **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.55** Mord i det gamle Rom **14.45** HåndboldSøndag: Aalborg DH- Viborg HK **16.30** Sigurds Bjørnetime **17.00** Familien Knurhår **17.25** OBS **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.10** Landsbyhospitalet **19.00** Forbrydelsen **20.00** 21 Søndag **20.40** SøndagsSporten **21.05** Hvor går grænsen **22.05** Pauline og Paulette **23.20** Menneskehandelens ofre

### NRK 1

**6.30** Stå opp! **6.40** Lisa **6.50** Teddy og Annie **7.05** Kalle og Molo **7.25** Bravo Bibbi! **7.40** Disneytimen **8.35** Familien Pling **9.00** NRKs sportssøndag **9.05** V-cup langrenn **9.50** V-cup alpint **11.40** V-cup skiskyting **12.40** V-cup langrenn **13.15** V-cup skiskyting **14.30** V-cup hopp **15.30** Sport i dag **16.30** Åpen himmel **17.00** Pippi Langstrømpe **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **19.4**5 Et iskaldt kappløp **20.35** The Quick and the Dead **22.15** Kveldsnytt **22.30** Rally-VM: VM-runde fra Mexico **23.20** Nytt på nytt **23.50** Ingen grunn til begeistring

### SVT 1

**7.00** BoliBompa **7.01** Små Einsteins **7.25** Pingu **7.35** The boy **8.00** Manáid-tv **8.15** Grand Prix **8.40** Lilla sportspegeln **9.10** Alpint: Världscupen i Zwiesel **10.15** Disneydags **11.45** Melodifestivalen 2007 **13.55** Great thinkers of our time **14.25** Extra **14.50** Born Wild **14.55** Världen **15.5**5 När gräsrötterna tar över **16.25** Skolfront **16.55** Anslagstavlan **17.00** Pippi Långstrump **17.30** Wild Kids **18.30** Rapport **19.00** Melodifestivalen 2007 - Dagen efter **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** VeteranTV **21.40** Vetenskap - människan 2.0 **22.10** Rapport **22.20** Höök **23.20** Sändningar från SVT24




**LÆRDÓMUR VIKUNNAR**



*„Hann Ómar í Silfri Egils lýsti því yfir að hann ætlaði að fara fram í formi nýs framboðs og vera í fyrsta sæti í Reykjavík. Mér finnst hugsjónir þessa fólks eiga fullt erindi og ef honum tekst að sameina hér ýmis öfl í íslenskri pólitík er það stórfrétt.“*

Hans Kristján Árnason, formaður Þjóðarhreyfingarinnar.

## HIN HLIÐIN GUÐMUNDUR KRISTINN JÓNSSON

# Já-manninum finnst heilsan mikilvægust

**Hvað er að frétta?** Ég er að setja saman plötu með uppáhaldslögunum mínum með Tony Joe White, það er eiginlega það sem er að frétta.

**Augnlitur:** Grænn.

**Starf:** Hljóðmeistari Baggalúts.

**Fjölskylduhagir:** Ég á eina Írisi, sem er 31 árs, og líka Elmu Rún, sem er sex ára, og Aron Gauta, sem er þriggja ára.

**Hvaðan ertu?** Ég er fæddur og uppalinn í Keflavík sem nú heitir Reykjanesbær.

**Ertu hjátrúarfullur?** Nei.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Laugardagsþáttur Jóns Ólafssonar.

**Uppáhaldsmatur:** Þriðji rétturinn til vinstri á matseðlinum hjá Austur-Indíafélaginu.

**Fallegasti staður:** Sankti Pétursborg.

**iPod eða geislaspilari:** Geislaspilari.

**Hvað er skemmtilegast?** Það er mjög gaman að ferðast um heiminn og spila, en hvort að það sé það skemmtilegasta …

**Hvað er leiðinlegast?** Heimilisstörfin geta verið svolítið þreytandi.

**Helsti veikleiki:** Ég get verið fullmikill JÁ-maður.

**Helsti kostur:** Ég er mikill JÁ-maður.

**Helsta afrek:** Að hafa rakað af mér skeggið.

**Mestu vonbrigðin:** Þegar Siggi rakaði af sér skeggið.

**Hver er draumurinn?** Nashville.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Mikael Svensson, hljómborðsleikari Baggalúts, er mjög fyndinn.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Vesen.

**Hvað er mikilvægast?** Heilsan.




## INGIBJÖRG OG GARÐAR: HAFA VERIÐ Á LEIÐINNI UPP AÐ ALTARINU Í ÞRJÁTÍU ÁR

# Brúðguminn kominn yfir nírætt

Ingibjörg Barðadóttir og Garðar Lárus Jónasson létu pússa sig saman í Dómkirkjunni síðastliðinn miðvikudag, eftir að hafa verið saman í þrjátíu ár. Garðar er sennilega elsti brúðgumi sem sögur fara af hér á landi, og þótt víðar væri leitað, en hann er nú á nítugasta og fjórða aldursári. Ingibjörg fagnar hins vegar sextugasta og fjórða afmæli sínu í haust. Blaðamaður Fréttablaðsins leit við hjá parinu nýgifta í vikunni og þáði kaffi og afganga af brúðkaupstertu.

„Það er nú svo sem óskaplega lítið sögulegt við þetta, nema trassaskapurinn að draga þetta svona lengi,“ sagði Garðar kíminn. „Þetta stóð nú alltaf til, en við sáum að þetta mátti ekki dragast mikið lengur,“ bætti hann við. „Við vorum nú að hugsa um að fara til sýslumanns fyrst, en svo langaði mig að hafa þetta í Dómkirkjunni, mér finnst hún svo hátíðleg,“ sagði Ingibjörg.

Þau höfðu samband við séra Hjálmar Jónsson í lok febrúar og festu daginn skömmu síðar. „Við höfðum tvo daga til að velja úr, annaðhvort sjötta mars eða sjöunda. Garðar fékk að ráða þessu, og hafði þetta núna á miðvikudaginn,“ sagði Ingibjörg. Það má því segja að þótt aðdragandinn hafi verið langur, hafi fyrirvarinn verið í styttra lagi. Ingibjörg segist þó ekki hafa lent í neinum vandræðum við undirbúning brúðkaupsins eða veisluhalda. „Nei, nei, nei. Systurdætur mínar þrjár eru allar flugfreyjur, og sú elsta var að fara til Boston þegar ég sagði henni af þessu. Henni fannst þetta alveg frábært og sagðist bara ætla að kaupa kjólinn. Mér fannst ég nú eiga nóg af kjólum, svörtum og allavega, en hún sagði að það gifti sig enginn í svörtu. Svo kom hún með fínan kjól og veski og skó og allt saman. Þær eru svo góðar við okkur, ég mátti bara ekki í eldhúsið koma í veislunni,“ sagði Ingibjörg.

Hjónin kynntust þegar þau unnu við símsvörun hjá Skeljungi, sem þá var til húsa í Skerjafirði. „Ég byrjaði á morgnana og vann átta til fjögur og þá tók hann við. Við hittumst á vaktaskiptunum. Og það hefur alltaf verið gott samband á milli síðan,“ sagði Ingibjörg. Þau segja líf þeirra þó ekki hafa breyst mikið við giftinguna. „Okkur líður mjög vel með þetta, en okkur hefur alltaf liðið vel saman,“ sagði Ingibjörg, sem er ekki frá því að þessi leið sé betri en sú sem margir fara nú til dags. „Mér finnst náttúrlega allt í lagi að ungt fólk gifti sig, en það er kannski sorglegt hvað það stoppar stutt hjá því,“ sagði hún. Garðar vill hins vegar ekki fetta fingur út í ungdóminn. „Það er gamalt máltæki sem segir að tímarnir breytast og mennirnir með. Mér finnst voðalega vitlaust alltaf þetta rugl um að unga fólkið sé eitthvað verra. Það er framtíðin og maður verður að treysta á það,“ sagði hann.



**ALLTAF STAÐIÐ TIL** Ingibjörg og Garðar hafa búið saman í þrjátíu ár og alltaf verið á leiðinni að gifta sig. Þau létu verða af því í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**NÝKVÆNTUR OG NÍRÆÐUR** Garðar er sennilega elsti brúðgumi sem sögur fara af, en hann er á nítugasta og fjórða aldursári. FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRG VALDIMARSDÓTTIR

# Ræbbblar gera við reiðhjól

Hópur pönkara hefur stofnað reiðhjólagengið Ræbbblarnir sem ætlar að setja á fót verkstæði í sumar þar sem fólk getur búið til hjól og lagað gömul með aðstoð gengisins. Ætlar gengið að sækja um skapandi sumarstarf hjá Hinu húsinu í von um að fá styrk til verkefnisins. Einnig stendur til að halda nokkra styrktartónleika til að koma þessari athyglisverðu hugmynd á koppinn.

Að sögn Viktors Orra Dieterssonar Pollitz voru Ræbbblarnir stofnaðir fyrir um tveimur árum. „Ég og tveir vinir mínir fórum út á pönkfestival sem var haldið í Ungdomshuset í Kaupmannahöfn. Meðfram hátíðinni var haldið „bike-festival“ í húsasundunum þar sem pönkarar voru að búa til hjól og kepptu síðan í því að klessa hver á annan. Okkur fannst þetta svo töff að við ákváðum að stofna þennan klúbb,“ segir Viktor Orri, sem er sjálfur meðlimur pönksveitarinnar Brat Pack.

Fjórir pönkarar ætla að starfa við verkstæðið í sumar en alls eru um tuttugu manns í klúbbnum. Ef allt gengur að óskum verður haldin hjólreiðahátíð í sumar þar sem hjólin sem verða búin til á verkstæðinu verða sýnd. Bendir Viktor Orri jafnframt á netfangið raebbblarnir@gmail.com ef fólk vill senda til hans biluð eða ónýt hjól.

Hann segir lítinn skilning vera fyrir hjólreiðamenningu í Reykjavík og vill að úr því verði bætt. „Það eru allir að berjast við að gera Reykjavík að heimsborg en Íslendingar virðast ekki átta sig á því að plássið er að minnka og minnka. Það er ekki endalaust pláss fyrir stæði og bíla og oft er ekki gert ráð fyrir að fólk geti labbað eða hjólað yfir umferðarbrautir.“

Fyrstu styrktartónleikar Viktors og félaga verða haldnir í Hljómalind í kvöld.

Fram koma Innvortis, Deathmetal Supersquad, Retron, The Best Hardcore Band in the World og Brat Pack. - fb



**RÆBBBLARNIR** Reiðhjólagengið Ræbbblarnir ætlar að setja á fót reiðhjólaverkstæði í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
ÍSLENSK ERFÐAGREINING

**Óskað eftir þátttakendum í rannsókn á erfðaþáttum sem tengjast áhættu á að fá inflúensu og aukaverkarnir í kjölfar hennar**

Á vegum Íslenskrar erfðagreiningar og Veirufræði-, Smitsjúkdóma- og Sýklafræðideilda Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH), er í samvinnu við Heilsugæsluna og Sóttvarnalækni unnið að rannsókn á erfðum ónæmis gegn alvarlegum sýkingum og svörun við bólusetningum. Rannsóknin er styrkt af Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna og unnin í samstarfi við vísindamenn við Háskóla Nýju Mexíkó í Albuquerque og Erfðarannsóknastofnun í Santa Fe í Bandaríkjunum.

Hluti rannsóknarinnar beinist að erfðaþáttum sem tengjast áhættu á að fá inflúensu og aukaverkarnir í kjölfarið. Þar sem inflúensufaraldur stendur nú yfir leitum við eftir þátttöku þeirra sem hafa nýlega fengið inflúensu eða fá hana á næstu vikum og mánuðum. Góð þátttaka er skilyrði þess að rannsóknin beri tilætlaðan árangur.

Ef þú hefur nýlega fengið eða færð inflúensu á næstunni og hefur áhuga á að taka þátt í rannsókninni eða fræðast um hana ertu beðin(n) að hafa samband við Þjónustumiðstöð rannsóknaverkefna á heimasíðu hennar http://rannsokn.is/Fyrirspurn.htm eða í síma 520 2800. Starfmenn Þjónustumiðstöðvarinnar munu þá senda þér kynningarefni um rannsóknina og upplýsingar um í hverju þátttakan felst.

Forsvarsmaður rannsóknarhópsins er Magnús Gottfreðsson, læknir og sérfræðingur í smitsjúkdómum við Smitsjúkdómadeild Landspítala háskólasjúkrahúss (magnusgo@landspitali.is) en prófessor Ingileif Jónsdóttir veitir rannsókninni forystu innan Íslenskrar erfðagreiningar (ingileif@decode.is).

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hjörtu sjónvarpsstjarna landsins slógu óvenju hratt á fimmtudagskvöldið þegar **Capacent** birti niðurstöður úr fjölmiðlakönnun sinni á vefnum. **Spaugstofan** stendur enn og aftur uppi sem sigurvegari og hrekur þær kenningar að dagskrártíminn sé helsta ástæðan fyrir vinsældum sínum. Spéspegill þjóðarinnar skákar sjálfu lokakvöldi **Eurovision.** Þeir **Karl Ágúst**, **Randver Þorláksson**, **Pálmi Gestsson**, **Sigurður Sigurjónsson** og **Örn Árnason** njóta mikillar hylli hjá yfir helming þjóðarinnar sem situr límd fyrir framan skjáinn þegar stefið góðkunna hljómar.



Framleiðendur **X-Factor** eru kampakátir með sína niðurstöðu. Þrátt fyrir hrakspár ýmissa álitamanna um að nóg væri komið af „kareoke“-keppnum hefur þættinum tekist að vinna á jafnt og þétt og horfir rúmur fjórðungur þjóðarinnar reglulega á beinar útsendingar frá Vetrargarðinum. Þessi tíðindi teljast meðal þeirra bestu sem Stöð 2 hefur fengið í háa herrans tíð eftir hrakfarir **Hemma Gunn** og **Búbbanna**. Og þegar litið er yfir könnun Capacent í heild sinni styrkir Stöð 2 stöðu sína meðal áskrifenda sinna sem þýðir að fólkið sem borgar áskriftina horfir á það sem það greiðir fyrir. Magnús Ragnarsson,sjónvarpstjóri Skjás eins, missir varla úr svefn þrátt fyrir að stöðin hans dali eilítið í áhorfi enda varð mikil sprengja í kjölfar Rock Staræðis þjóðarinnar í september þegar stöðin stakk Stöð 2 af. Fjölmiðlasamsteypan **365** þarf þó augljóslega að endurskoða rekstur sjónvarpsstöðvarinnar **Sirkus** en áhorfið á hana stefnir lóðrétt niður eftir ágætis kipp.



Mestu athyglina vekur þó yfirburðasigur **Þórhalls Gunnarssonar** og Kastljóssfólksins yfir **Steingrími Sævari Ólafssyni** og Íslands í dag. Á meðan Þórhallur trónir öruggur í fjórða sætinu yfir tíu vinsælustu þætti Sjónvarpsins kemst Steingrímur ekki einu sinni inn á Topp tíu lista Stöðvar 2 og er þar skákað af þáttum á borð við **Meistarann** og American Idol. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þessar niðurstöður valdið þó nokkrum titringi innan herbúða Stöðvar 2 enda fékk Steingrímur það hlutverk að rífa þáttinn upp úr öldudalnum víðfræga.






Við kaup á fyrstu íbúð getur lánshlutfall skipt verulegu máli. Því geta viðskiptavinir Glitnis sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð fengið allt að **90% húsnæðislán af markaðsvirði, ekki brunabótamati eins og aðrir bjóða.** Reiknaðu dæmið til enda.

- MUN LÆGRI VEXTIR Á YFIRDRÆTTI Í HEILT ÁR
- ALLT AÐ 90% HÚSNÆÐISLÁN* AF MARKAÐSVIRÐI VIÐ KAUP Á FYRSTU ÍBÚÐ
- NÁMSLOKALÁN* Á SÉRSTAKLEGA GÓÐUM KJÖRUM
- MASTERCARD KREDITKORT MEÐ 20.000 KR. FERÐAÁVÍSUN

GLITNIR

*ÖLL LÁN ERU VEITT Í SAMRÆMI VIÐ ÚTLÁNAREGLUR GLITNIS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LYFJA – Lífið heil

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

**Opið 8-24 alla daga**




## BAKÞANKAR


BERGSTEINS SIGURÐSSONAR


# *Efnislegt*

Pólitík er oft skrýtin skrúfa eins og sést til dæmis í hinu sérstaka auðlindaákvæðismáli. Framsóknarmenn hótuðu semsagt að sprengja ríkisstjórn ef ákvæði um sameign þjóðarinnar á sjávarauðlindum yrði ekki fest í stjórnarskrá. Sjálfstæðismenn spyrntu við fótum, þar til löglærðir menn bentu á að líklega væri þetta ákvæði merkingarlaust, og samþykkktu þá að spyrða ákvæðinu við hornstein íslenskrar stjórnskipanar, það er jú merkingarlaust.

**MEÐAN** Framsókn og Sjálfstæðisflokkur eru komin aftur í sleik klóra ófáir sér í höfðinu yfir þessu máli; löglærðu mennirnir í Lögbergi gera gott betur og rífa í hár sitt og skegg. Rökhugsun landsmanna er þó ekki það eina sem hefur verið misboðið í þessu máli; stjórnmálamenn, lögmenn og fjölmiðlar slógu tvær flugur í einu höggi og léku málvitund okkar grátt í leiðinni. Einn morguninn hlustaði ég til dæmis á sjávarútvegsráðherra ræða auðlindaákvæðið á Morgunvakt Rásar eitt. Í einni og sömu andrá tókst honum að segja að þetta mál væri í „efnislegum undirbúningi“ í stjórnarskrárnefnd, „efnislegri meðhöndlun“ væri ekki lokið, málið biði því enn „efnislegrar úrvinnslu“ og að „efnisleg vinna“ ætti ekki að fara fram í þingsölum heldur ætti að bíða þar til málið hefði verið lagt fram „efnislega“.

**ÞETTA** var árla morguns og ég viðurkenni að ég var ekki sérlega vel undir það búinn að hlusta á röklegt heljarstökk af þessu tagi. Einhverra hluta vegna fór ég að hugsa um blaðagrein sem ég las einhvern tímann og fjallaði um að sökum sívaxandi samkeppni við atvinnulífið veldust sífellt lakari manngerðir til þátttöku í stjórnmálum. Ég var þó fljótur að hrista þá hugsun af mér; það á fjandakornið varla við á Íslandi.

**EINA** rökrétta ályktunin sem ég gat dregið af orðum ráðherrans var að fyrir utan hefðbundin þing- og nefndarstörf þurfa alþingismenn að vinna ókjör af „óefnislegri vinnu“. Og fyrst ekki er vikið einu orði að henni í stjórnarskránni hlýtur að vera um sjálfboðastarf að ræða. Hin „óefnislega vinna“ felst mögulega í því að ákveða hvers konar pappír á að prenta lögin á og hvaða leturgerð á að nota. Þegar það er afgreitt á bara eftir að ákveða hvað stendur í sjálfum lögunum.

**ÞVÍ** er ekki að neita að hversdagslegustu hlutir hljóma ábúðarmeiri og mikilvægari þegar orðum eins og „efnislegt“ hefur verið skeytt framan við. Kannski gefur það góða raun ef foreldrar biðja börnin sín um að ljúka við efnislegt innihald grautarskálanna. Eða krakkinn starir bara á þig eins og þú sért fábjáni.


www.icelandexpress.is/afangastadir

**Snoppufríðar þjóðbúningadúkkur, Strikið, Kompassen, Munch-safnið, legókallar, Rynkeby, síld úr norsk-íslenska stofninum, kjötbollur og kóngafólk, súðbyrt langskip, Póseidon, ABBA, Akersbryggjan, ljósir lokkar og blá augu, Taj Mahal, Dodo & The Dodos, grúsk í Gamla Stan, Louisiana...**

13 ÁFANGASTAÐIR




ÞEIR FYRSTU FÁ BESTA VERÐIÐ! BÓKAÐU NÚNA Á www.icelandexpress.is

Frændur okkar á Norðurlöndum hafa margt forvitnilegt fram að færa, svo mikið er víst. Og leiðin er greið fyrir þig, því Iceland Express flýgur á hverjum degi til Kaupmannahafnar og í sumar bætast svo við Billund, Stokkhólmur, Gautaborg og Ósló þegar áfangastaðirnir verða þrettán í Evrópu. Til að tryggja sér besta verðið er um að gera að bóka draumafríið núna á www.icelandexpress.is. Þú finnur allar nánari upplýsingar um sumaráætlun Iceland Express og áfangastaðina á www.icelandexpress.is/afangastadir

» VERÐ FRÁ: **7.995 kr.**
Aðra leið með sköttum.

» BÖRN: **50%**
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 » www.icelandexpress.is

Iceland Express

Fíton/SÍA



**Vegna fjölda áskoranna!**

**BÖRN & FORELDRAR**

Tvöföld sýning sunnudaginn 11.mars í Háskólabíó. Börn 16:00 Foreldrar 18:00

"Nýtt viðmið í íslenskri kvikmyndagerð"
Fréttablaðið
****

"Áhrifamikið verk."
Sigríður Pétursdóttir/Víðsjá RUV

"Sannarlega gæfuspor í íslenskri kvikmyndamenningu."
Morgunblaðið
****

"Frábær mynd sem hver Íslendingur ætti að sjá."
kvikmyndir.com
***1/2